

---

BROTHÆTTAR BYGGÐIR

ÁRSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 2020

---



BYGGÐASTOFNUN

Helga Harðardóttir  
Kristján Þ. Halldórsson

---

# EFNISYFIRLIT

---

Inngangur .....	2
1. Meginniðurstöður 2020 .....	5
2. Markmið og tilgangur .....	9
3. Verkefnislýsing .....	10
4. Fjárfestingaráttak stjórnvalda 2020 .....	13
5. Þáttökubýggðarlög .....	15
Öxarfjörður í sókn .....	15
Glæðum Grímsey .....	19
Áfram Árneshreppur .....	22
Öll vötn til Dýrafjarðar .....	25
Betri Borgarfjörður .....	29
Betri Bakkafjörður .....	35
Sterkar Strandir .....	38
Byggðarlög sem lokið hafa þátttöku í Brothættum byggðum .....	41
6. Íbúapróun .....	42
7. Umfjöllun um nokkur af fjölmörgum áhugaverðum verkefnum sem hafa hlotið stuðning úr Brothættum byggðum í byggðarlögum sem eru í framkvæmdaáfangaverkefnisins .....	43
8. Athugun á viðhorfum til verkefnisins Brothættar byggðir .....	46
9. Viðaukar .....	47
Viðauki I. Öxarfjörður í sókn, staða starfsmarkmiða .....	47
Viðauki II. Glæðum Grímsey, staða starfsmarkmiða .....	50
Viðauki III. Áfram Árneshreppur, staða starfsmarkmiða .....	59
Viðauki IV. Öll vötn til Dýrafjarðar, staða starfsmarkmiða .....	62
Viðauki V. Betri Borgarfjörður, staða starfsmarkmiða .....	64
Viðauki VI. Betri Bakkafjörður, staða starfsmarkmiða .....	68
Viðauki VII. Sterkar Strandir, staða starfsmarkmiða .....	72

---

# INNGANGUR

---



Höfnin á Borgarfirði eystri.

Níu ár eru síðan verkefnið Brothættar byggðir hóf göngu sína. Í upphafi verkefnisins var hugmyndin sú að búa til aðferð eða verklag sem hægt væri að yfirfæra á byggðarlög sem stæðu frammi fyrir sambærilegum vanda, þ.e. viðvarandi fækkun íbúa og erfiðleikum í atvinnulífi. Raufarhöfn var fyrsta byggðarlagið sem tók þátt í verkefninu Brothættum byggðum. Verkefnið Raufarhöfn og framtíðin hófst árið 2012 og því lauk árið 2018.

Segja má að verklag, framkvæmd og framvinda Brothættra byggða hafi mótast og þróast í fyrstu með þátttöku fyrsta byggðarlagsins, Raufarhafnar, ásamt þátttöku þeirra þriggja sem á eftir fylgdu. Það voru Bíldudalur, Breiðdalur og Skaftárhreppur. Reynslan og árangurinn af þeim verkefnum varð leiðarljósið í þeim byggðarlögum sem síðar hafa tekið þátt í verkefninu. Á árunum 2015-2016 kynntu fulltrúar Byggðastofnunar og aðrir hagaðilar sér sambærileg byggðapróunarverkefni í öðrum löndum, einkum í Noregi og í Skotlandi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur einu sinni framkvæmt úttekt á verkefninu Brothættar byggðir, var það árið 2014–2015 og sá EY Ísland um úttektina fyrir þeirra hönd. Árið 2016 var sérstök verkefnislýsing Brothættra byggða gefin út hjá Byggðastofnun og var hún byggð á reynslu í Brothættum byggðum, fyrirmyndum í öðrum löndum og ráðum og ábendingum úr úttekt EY Ísland. Frá þeim tíma hafa þáttökubygðarlög í verkefninu unnið samkvæmt þeirri verkefnislýsingu. Í verkefnislýsinguinni felst m.a. að verkefnisstjórar eru ráðnir í hverju byggðarlagi, aðferð við úthlutun styrkja er fest í sessi og ákveðnir verkþættir settir fram. Verkefninu er skipt upp í fjóra áfanga þeir eru: undirbúningur, íbúaþing og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmdaáfangi og lokaáfangi. Þegar verkefni í hverju byggðarlagi eru komin í lokaáfanga eru væntingar um að frumkvæði og drifkraftur sem einkennt hefur þátttöku íbúa byggðarlagsins á verktímabilinu haldi áfram í formi áframhaldandi nýsköpunar og skilvirkri eftirfylgni þeirrar framtíðarsýnar sem sett var fram í upphafi verkefnis.

Þáttökubýggðarlögin í Brothættum byggðum eiga það sameiginlegt að þar hefur verið mikil fólksfækkun og skekkta aldursdreifing. Skortur er á húsnæði, þá sérstaklega íbúðarhúsnæði á leigumarkaði. Bætt fjarskipti og umbætur í raforkumálum eru brýn málefni víða, sem og samgöngubætur og bætt þjónusta. Ákveðinn hámarksfjöldi byggðarlaga getur tekið þátt í verkefninu á hverjum tíma og ræðst sá fjöldi meðal annars af fjármunum til verkefnisins. Byggðastofnun eða byggðarlag (fyrir milligöngu sveitarfélags) geta haft frumkvæði að samtali um mögulega þátttöku og sérstakir mælikvarðar eru notaðir til að meta stöðu og forgangsraða byggðarlögum til þátttöku.

Í stefnumótandi byggðaáætlun sem gildir fyrir árin 2018-2024 má sjá að verkefnið Brothættar byggðir er orðið veigamikill þáttur í að auka viðspyrnu gegn hnignun í samfélögum sem m.a. hafa glímt við viðvarandi fólksfækkun og erfiðleika í atvinnulífi undanfarin ár. Ýmsar vísbendingar eru um að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif í þáttökubýggðarlögunum til þessa. Til dæmis má nefna aukna virkni og samstöðu íbúa, auk ýmissa verkefna sem farið hafa af stað í tengslum við Brothættar byggðir bæði með og án verkefnastyrkja. Í þessari skýrslu verður greint frá framvindu verkefna í Brothættum byggðum í hverju þáttökubýggðarlagi fyrir sig árið 2020. Einkum verður stuðst við gögn úr ársskýrslum verkefnisstjórnanna og meðal annars eru samantektir um hvert verkefni og hugleiðingar þeirra birtar í þessari skýrslu. Jafnframt verður reynt að varpa ljósi á stöðu verkefnisins í heild. Eftir atvikum verður stuðst við gögn frá fyrri árum verkefnisins svo og við verkefnisáætlanir, það er framtíðarsýn og markmið einstakra byggðarlaga.

Í mars 2020 samþykkti Alþingi að veita fjármunum í sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak í Brothættum byggðum að upphæð 100 m.kr. Í samráði við hagsmunaaðila var ákveðið að 60 m.kr. yrði skipt jafnt á milli þáttökubýggðarlaga en 40 m.kr. yrði úthlutað í samkeppnissjóð, svokallaðan Öndvegissjóð Brothættra byggða.

Myndir í skýrslunni tók Kristján Þ. Halldórsson.

Mynd á forsíðu: Árnestindur og Finnbogastaðafjall í Árneshreppi.

---

# 1. MEGINNIÐURSTÖÐUR 2020

---



Sumarkyrrö við Steingrímsfjörð.

Á árinu 2020 var Byggðastofnun aðili að sjö verkefnum undir merkjum Brothættra byggða. Þau eru:

Öxarfjörður í sókn	Betri Borgarfjörður
Glæðum Grímsey	Betri Bakkafjörður
Áfram Árneshreppur	Sterkar Strandir
Öll vötn til Dýrafjarðar	

Í hverju verkefni starfar verkefnisstjóri, þó í hlutastarfi í verkefnum Öll vötn til Dýrafjarðar, Áfram Árneshreppur og Sterkar Strandir. Landshlutasamtök og/eða atvinnuþróunarfélög hafa ráðið verkefnisstjórana til starfa en notið fjárhagslegs stuðnings verkefnisins Brothættra byggða til þess.

Veittir voru styrkir í byggðarlögnum, alls að upphæð 135 milljónir króna á árinu 2020. Nánari upplýsingar um styrki er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar. Ákveðið var í upphafi árs að úthluta 5 m.kr. í hverju hinna sjö þáttökubyggðarlaga á grundvelli fjárhagsáætlunar Brothættra byggða. Þegar ákvörðun um fjárfestingarátakið lá fyrir í mars var í flestum tilvikum ákveðið að slá saman úthlutun ofangreindra 5 m.kr. og 8,57 m.kr. í vorúthlutun í svokölluðum Frumkvæðissjóði að upphæð 13,57 m.kr. með þeirri undantekningu að í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar var úthlutað í tvennu lagi. Í byrjun júlí var úthlutað 40 m.kr. úr Öndvegissjóði Brothættra byggða og misjafnt var hversu mikið kom í hlut hvers byggðarlags þar sem tvær verkefnishugmyndir hvers byggðarlags kepptu um fjármunina, alls fjórtán umsóknir.

## Öxarfjörður í sókn

Verkefninu lauk formlega í lok árs 2020 þar sem að Bygðastofnun dró sig í hlé út úr verkefninu. Enn er þó eftir að halda loka íbúafund í verkefninu. Sveitarstjórn Norðurþings ákvað að halda verkefninu áfram með svipuðu sniði og verkefnisstjóri var endurráðinn til að fylgja því verkefni áfram tímabundið til eins árs. Margt hefur áunnist í verkefninu og má þar nefna að búið er að leggja ljósleiðara á svæðinu, laga útvarpsskilyrði og bæta afhendingaröryggi raforku. Þjónustustig sveitarfélagsins stendur nokkuð í stað. Lagningu nýs Dettifossvegar er svo gott sem lokið og þó nokkur frumkvöðlaverkefni eru í gangi. Alls hafa um 23 aðilar hlotið styrk úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða til að þróa sín verkefni. Verkefnisstjóri hefur einnig aðstoðað umsækjendur við umsóknargerð í aðra styrktarsjóði.

## Glæðum Grímsey

Verkefnið í Grímsey er um margt sérstakt og þá ekki síst fyrir þá sérstöðu sem samfélagið hefur í smæð sinni og einangrun. Þá hefur mjög litað verkefnið að íbúum hefur fækkað í Grímsey og þá einkum þeim sem hafa vetursetu. Afleiðingarnar eru þær að ekki þykir fært að starfrækja skóla í eyjunni frá sumrinu 2019 vegna barnfæðar. Þar með þurfa foreldrar að sinna sínum börnum í öðrum skólahverfum í Akureyrarbæ. Þrátt fyrir þetta hafa eyjarskeggjar verið vel virkir í verkefninu, tekið góðan þátt á íbúafundi og sóst eftir styrkjum í sín framfaraverkefni. Á árinu 2019 óskuðu íbúar eftir framlengingu á verkefninu um eitt ár og var komið til móts við óskir þeirra og verkefnið framlengt til loka árs 2020. Til stóð að ljúka verkefninu formlega með íbúafundi en það hefur dregist vegna samkomutakmarkana. Þegar þetta er ritað hefur ríkisstjórn nýlega samþykkt að beina því til Bygðastofnunar að framlengja verkefnið til loka árs 2022 vegna sérstöðu byggðarlagsins. Samstarfsaðilum stofnunarinnar hefur þegar verið tilkynnt um framlengingu verkefnisins.

## Áfram Árneshreppur

Á íbúafundi um stöðu verkefnisins 2020 var samþykkt veruleg áherslubreyting. Í henni fólst að verkefnisstjórn skyldi einbeita sér að því að styrkja innviði í sveitarfélaginu, samgöngumálum, orkumálum og fjarskiptamálum. Einnig þyrfti að vinna að styrkingu sjávarútvegs og auðvelda nýliðun í landbúnaði. Eftir þessari samþykkt hefur verkefnisstjórn unnið síðan og lagt áherslu á ofangreinda þætti. Áfram var unnið að ýmsum öðrum markmiðum verkefnisáætlunar fyrir byggðarlagið og m.a. veittir frumkvæðisstyrkir til margra spennandi verkefna. Samkvæmt samningi átti verkefninu að ljúka í lok árs 2021 en þegar þetta er ritað hefur ríkisstjórn nýlega samþykkt að beina því til Bygðastofnunar að framlengja verkefnið til loka árs 2022 vegna sérstöðu byggðarlagsins. Samstarfsaðilum stofnunarinnar hefur þegar verið tilkynnt um framlengingu verkefnisins.

## Öll vötn til Dýrafjarðar

Árið 2020 var mjög óvenjulegt ár að mörgu leyti þar sem heimsfaraldur hafði veruleg áhrif á framvindu verkefnisins. Má þar fyrst nefna að ekki var unnt að halda íbúafund og mörgum verkefnum þyrfti að fresta. Þrátt fyrir þessar aðstæður hefur verkefnið haldið áfram með aðeins breyttum aðferðum. Samskipti hafa að mestu farið fram með

rafrænum hætti. Íbúafundi sem halda átti árið 2020 var frestað til ársins 2021. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir hefur verkefnið gengið vel og ýmislegt áunnist. Mörg verkefni eru í gangi, mislangt á veg komin og sumum þeirra er lokið. Allt eru þetta verkefni sem hafa þýðingu fyrir samfélagið á Þingeyri og við Dýrafjörð. Frá upphafi verkefnisins hafa samtals 55 verkefni verið styrkt. Verkefnisstjóri hefur aðstoðað íbúa svæðisins við að sækja um styrki í aðra samkeppnissjóði og umsóknum frá svæðinu í slíka sjóði fjölgað mikið og nokkur þeirra hlotið styrki. Nokkur þessara verkefna gætu skilað auknum störfum inn á svæðið þegar fram líða stundir. Má segja að þetta sé ein birtingarmynd þess hvernig verkefnið hefur gengið fram til þessa.

### Betri Borgarfjörður

Óhætt er að segja að mikill árangur hafi náðst í verkefnum Betri Borgarfjarðar á árinu 2020, að mati verkefnisstjóra, þrátt fyrir að herjað hafi heimsfaraldur COVID-19 með tilheyrandi samkomutakmörkunum og lokunum víða. Helstu verkefni ársins voru sem fyrr tengd húsnæðismálum og samgöngum, auk þess sem verkefnið Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg tók flugið. Í kjölfar síðasta íbúapings, þar sem fundargestir sendu frá sér ályktun um stöðu sjávarútvegs- mála á Borgarfirði eystri hafa sjávarútvegsfélaga fengið aukna athygli verkefnisins og yfirvalda. Haustið 2020 var kosið til nýrrar sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags fyrrum Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Djúpavogshrepps og Fljótsdalshéraðs, sem fékk nafnið Múlaþing. Samfara sveitarstjórnarkosningum var einnig kosið til heimastjórnar Borgarfjarðar og hefur gott samstarf verið milli heimastjórnar og verkefnisins Betri Borgarfjarðar.

### Betri Bakkafjörður

Verkefnið Betri Bakkafjörður hóf þátttöku sína í verkefninu Brothættar byggðir um mitt ár 2019. Á því eina og hálfu ári sem verkefnið Betri Bakkafjörður hefur starfað hafa margir jákvæðir þættir sem styðja verkefnisáætlun Betri Bakkafjarðar orðið til þess að byggðin við Bakkaflóa hefur styrkst. Þar má nefna að fiskvinnsla er rekin af tveimur fyrirtækjum, smábátum hefur fjölgað, gisting og veitingaaðstaða er fyrir hendi á staðnum. Þá hafa opinberir sjóðir komið að ýmsum málum s.s. átaki Orkusjóðs og Orkuseturs í orkusparandi aðgerðum í samstarfi við Brothættar byggðir, en níu aðilar sóttu um styrk til orkusparandi aðgerða og hlutu allir framlag. Uppbygging á tanganum upp af gömlu höfninni er eitt af þeim verkefnum sem farið var af stað með á árinu 2020. En verkefnið sem ber heitið „Hafnartangi á Bakkafirði- áningarstaður við ysta haf“ hlaut m.a. styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða að upphæð 30 milljónir króna. Þá hafa íbúar og fyrirtæki gert átak í umhirðu húsa og umhverfis, auk þess að starfa að fleiri frumkvæðisverkefnum. Unnið hefur verið að uppbyggingu vegar milli Bakkafjarðar og Þórshafnar með bundnu slitlagi en fjárveiting fékkst til verkefnisins á samgönguáætlun. Bættar vegasamgöngur hafa skipt miklu máli fyrir sveitarfélagið og svæðið í heild, auk þess að treysta byggð á Norðausturhorni landsins.

### Sterkar Strandir

Verkefnið hófst formlega með íbúafundi í júní 2020. Árið 2020 var óvanalegt ár til að hefja verkefni af þessu tagi, en jákvætt að meira fjármagn var til úthlutunar úr Frumkvæðissjóði, auk þess fór fram sérstök úthlutun úr Öndvegissjóði

Brothættra byggða. Ástæða þessa var vegna sérstaks fjárfestingarátaks stjórnvalda vegna COVID-19. Því hefur ekkert verkefni haft jafn mikla fjármuni og Sterkar Strandir til úthlutunar við upphaf verkefnisins, en á móti kemur að vegna þeirra flóknu aðstæðna sem upp hafa komið sökum heimsfaraldurs fékk verkefnið í upphafi ekki þann slagkraft og samhljóm innan samfélagsins og ætla hefði mátt að það hefði fengið í árferði án samkomutakmarkana að mati verkefnisstjóra. Segja má að verkefnið hafi farið hægar af stað en ella, en sé nú að komast á fullt skrið. Íbúar eru stöðugt betur að átta sig á þeim tækifærum sem í verkefninu felast og aukinn kraftur er að færast í verkefnið.



Komið í Hríseyjarhöfn.



Í Forvöðum í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.



---

## 2. MARKMIÐ OG TILGANGUR

---

Aðalmarkmið verkefnisins Brothættra byggða er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Undirmerkið verkefnisins eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldersdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsriðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Svo sem sjá má á undirmerkiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.



Hitaveitulögn við Skógalón í Öxarfirði.

---

## 3. VERKEFNISLÝSING

---

Verkefnið er framkvæmt í fjórum áföngum: undirbúningi, íbúáþingi og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmda-áfanganna og lokaáfanganna verkefnis. Verkefnið byggir á samtali og samstarfi við íbúa í þátttökubbyggðarlögunum. Einnig á valdeflingu samfélagsins með því að ýta undir áhuga íbúa og samstöðu varðandi framfaramál í samfélaginu. Hlutverk Byggðastofnunar í verkefninu er að efla samstöðu hagsmunaaðila, að stjórnvöldum meðtöldum, um að vinna að framfaramálum er varða hvert byggðarlag. Enn fremur að veita verkefnisstyrki til frumkvæðisverkefna í byggðarlögunum.

Verkefnið hlýtur nýtt heiti í hverju byggðarlagi fyrir sig og í flestum tilvikum hafa íbúarnir sjálfir valið heitin með tillögum og atkvæðagreiðslu um þær. Heitin bera í sér bjartsýni og kjark, sem vegur upp á móti brothættu heiti heildarverkefnisins.

Byggðastofnun hefur um það ákveðnar væntingar að byggðarlög sem lokið hafa formlegri þátttöku í verkefninu njóti áframhaldandi athygli og stuðnings stjórnvalda næstu ár þar á eftir. Einnig að verklagið nýtist íbúum og viðkomandi sveitarfélögum og landshlutasamtökum/atvinnuþróunarfélagi í áframhaldandi vinnu að framfaramálum byggðarlagsins.


### Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn er sett á fót í hverju þátttökubbyggðarlagi.

Í henni eiga sæti fulltrúar Byggðastofnunar, viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélags ásamt fulltrúum íbúa sem að jafnaði eru tveir. Dæmi eru þó um fleiri fulltrúa íbúa. Verkefnisstjórn fundar reglubundið ýmist með fjarfundasniði eða í þátttökubbyggðarlagi. Eitt mikilvægasta hlutverk verkefnisstjórnar í hverju þátttökubbyggðarlagi er að móta verkefnisáætlun og tryggja að henni sé fylgt, auk þess að móta stefnu varðandi kynningu á verkefninu fyrir viðkomandi byggðarlag.



Íbúafundur í verkefninu Glæðum Grímsey.



Árneshreppur í fjarlægð. Mynd tekin vestur yfir Húnaflóa.



Úthlutun styrkja í verkefninu Betri Bakkafjörður.



Úthlutun styrkja í verkefninu Betri Borgarfjörður.

## Verkefnisstjóri

Í hverju byggðarlagi er starfandi verkefnisstjóri, ýmist í hlutastarfi eða fullu starfi, eftir því sem aðstæður bjóða upp á og samkomulag er um. Það ræðst meðal annars af landfræðilegri stöðu og hvort hægt er að samnýta krafta verkefnisstjóra í fleiri en einu byggðarlagi. Verkefnisstjóri starfar í umboði verkefnisstjórnar. Verkefnisstjóri skilar framvinduskýrslu um verkefnið árlega til Byggðastofnunar.

## Íbúáþing

Í upphafi nýs verkefnis er haldið tveggja daga íbúáþing þar sem staða byggðarinnar er rædd og leitað leiða til umbóta. Á íbúáþinginu leggja íbúarnir sjálfir til umræðuefni og raða viðfangsefnum eftir mikilvægi. Stefnumótun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið byggir annars vegar á niðurstöðum íbúáþings og hins vegar á sérstakri stöðugreiningu sem unnin er fyrir byggðarlagið. Stefnumótunin/verkefnisáætlun er síðan kynnt á íbúafundi. Hvert markmið sem sameinast hefur verið um er svo brotið niður í fjölmörg starfsmarkmið sem unnið er að á verkefnistímabilinu. Umsjón íbúáþinga hefur verið í höndum ráðgjafafyrirtækisins Ildis og verkefnisstjóra ásamt verkefnisstjórnnum í hverju þátttökubyggðarlagi.

## Íbúafundir

Íbúafundir eru haldnir árlega þar sem farið er yfir stöðu verkefnisins og skapaður umræðuvettvangur um framvindu starfsmarkmiða og einstaka verkefna. Þess er gætt að íbúar séu upplýstir um hvernig skilaboð íbúáþingsins í upphafi eru höfð til hliðsjónar og hvernig málefnum er fylgt eftir. Verkefnisstjórn hefur m.a. því

hlutverki að gegna að kynna áherslur íbúa í hverju þáttökubýggðarlagi fyrir ríkisvaldi og stofnunum.

#### Frumkvæðisstyrkir

Á hverju ári er frumkvæðisstyrkjum úthlutað til hvers þáttökubýggðarlags. Heildarfjárhæð frumkvæðisstyrkja er skipt jafnt út til þeirra. Byggðastofnun hefur gefið út leiðbeiningar vegna úthlutunar styrkja í viðauka við verkefnislýsingu. Verkefnisstjórn hefur m.a. því hlutverki að gegna að leggja línur um úthlutun styrkja til verkefna í hverju byggðarlagi og annast úthlutun þeirra.

Styrkir á árinu 2020 voru samkvæmt fjárhagsáætlun samtals 5 milljónir króna fyrir hvert þáttökubýggðarlag, samtals 35 milljónir króna. Dæmi eru um að verkefni hafi fallið niður og styrkjum skilað, sú upphæð bætist þá við styrkjaúthlutun næsta árs í því byggðarlagi sem við á. Á árinu 2020 varð sú breyting að Alþingi veitti 100 m.kr. í sérstakt fjárfestingaráttak í Brothættum byggðum vegna COVID-19. Nánari umfjöllun má sjá í kafla um sérstakt fjárfestingaráttak stjórnvalda.

Fullyrða má að styrkirirnir hafi haft mikil og hvetjandi áhrif í samfélögum. Mörg verkefni hafa ýmist sótt í sig veðrið, eða jafnvel hafist í kjölfar styrkumsóknar. Yfirlit yfir styrkt verkefni má sjá í umfjöllun í köflum um einstök byggðarlög.



Vetrarstemning í Hrísey.



Hólmavíkurhöfn.



Af smíði Tanksins á Þingeyri.

## 4. FJÁRFESTINGARÁTAK STJÓRNVALDA 2020

---

Sem fyrr segir veitti Alþingi 100 m.kr. í sérstakt fjárfestingaráttak í Brothættum byggðum vegna COVID-19. Um var að ræða lið í viðamiklu átaki stjórnvalda til viðspyrnu í faraldrinum. Skammur tími var til að koma þessum fjármunum í umferð svo vel færi en með miklu og góðu samstarfi við starfsfólk samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og verkefnisstjórnir í hverju byggðarlagi var skilgreindur farvegur fyrir úthlutun fjármunanna. Var að verulegu leyti byggt á verklagi og reynslu sem fyrir er í verkefninu Brothættum byggðum. 60 m.kr. var skipt jafnt á milli byggðarlaganna sjö og bætt við úthlutun ársins í hverju byggðarlagi, það er 8,57 m.kr. til hvers þeirra. Gerð er grein fyrir þeim styrkjum í kafla um hvert byggðarlag.

Afganginum, 40 m.kr., var úthlutað í samkeppnissjóð, Öndvegissjóð Brothættra byggða, þar sem tvö verkefni frá hverju byggðarlagi kepptu um fjármunina í alls 14 umsóknum. Lögð var áhersla á að úthlutun færi fram fyrir sumarið í ljósi þess að skilyrði fyrir nýtingu fjárens voru að verkefni væru hafin fyrir 1. september 2020 og þeim lokið fyrir 1. apríl 2021.

Ákveðið var að verkefnisstjórn hvers byggðarlags myndi velja tvö verkefni er sótt hefðu um styrk úr almenna hluta sjóðsins, Frumkvæðissjóði. Þessum tveimur verkefnum gæfist kostur á að sækja einnig um styrk úr Öndvegissjóði. Alls bárust 14 umsóknir í Öndvegissjóð. Það flækti málið lítillega að ekki hafði verið unnt að úthluta úr Frumkvæðissjóði í Strandabyggð á vormánuðum vegna þess að ekki hafði verið unnt að halda íbúáþing og móta verkefnisáætlun. Því var hafður sá háttur á þar að leitað var til íbúa um hugmyndir um verkefni og auk þess byggt á umræðu og forgangsröðun á íbúáþingi um miðjan júní þegar tvö verkefni voru valin til að sækja um í lok júní.

Úthlutunarnefnd fyrir Öndvegissjóð var skipuð einum fulltrúa frá hverju þátttökubyggðarlaganna sjö, auk fulltrúa Byggðastofnunar sem veitti nefndinni forstöðu.

Í nefndinni sátu eftirfarandi:

Baldvin Valdemarsson frá SSNE fyrir hönd verkefnisins Glæðum Grímsey

Charlotta Englund, verkefnisstjóri Öxarfjarðar í sókn

Sigurður Línadal Þórisson, verkefnisstjóri Sterkra Stranda

Linda Guðmundsdóttir fulltrúi íbúa í verkefnisstjórn Áfram Árneshrepps

Lína Björg Tryggvadóttir frá Vestfjarðastofu fulltrúi verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar

Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar

Stefán Bogi Sveinsson, fulltrúi SSA í verkefnisstjórn Betri Borgarfjarðar

Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður Þróunarsviðs Byggðastofnunar, formaður.

Eva Pandora Baldursdóttir, Þróunarsviði Bygðastofnunar, starfaði með úthlutunarnefndinni.

Niðurstaða úthlutunar úr Öndvegissjóði var eftirfarandi:

Nafn umsækjanda	Heiti verkefnis	Styrkupp hæð
Hótel Djúpavík	Basketur	1.600.000,-
Sýslið, verkstöð ehf	strandir.is	8.700.000,-
Salbjörg Matthíasdóttir	Kjötvinnsla í Árdal	5.700.000,-
Borgarfjarðarhreppur	Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg	10.000.000,-
Ungmennafélagið Leifur heppni	Krossneslaug (í Árneshreppi)- aðdráttarafl sem sameinar	10.000.000,-
Tankur, menningarfélag	Tankur (útilistarverk og kennileiti á Þingeyri)	4.000.000,-
		Samtals 40.000.000,-



Lokafrágangur við Dýrafjarðargöng, Arnarfjarðarmegin.

## 5. ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLÖG

Samtals hafa tólf byggðarlög tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir frá því að það hóf göngu sína árið 2012. Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir þátttökubyggðarlögin, heiti verkefna og stöðu hvers verkefnis:

Byggðarlag	Heiti verkefnis	Staða
Raufarhöfn	Raufarhöfn og framtíðin	Hefur lokið þátttöku
Breiðdalur	Breiðdælingar móta framtíðina	Hefur lokið þátttöku
Skaftárhreppur	Skaftárhreppur til framtíðar	Hefur lokið þátttöku
Bíldudalur	Bíldudalur – samtal um framtíðina	Hefur lokið þátttöku
Hrísey	Hrísey – perla Eyjafjarðar	Hefur lokið þátttöku
Öxarfjarðarhérað	Öxarfjörður í sókn	Lokaáfangi verkefnis
Grímsey <sup>1</sup>	Glæðum Grímsey	Lokaáfangi verkefnis
Árneshreppur <sup>2</sup>	Áfram Árneshreppur	Framkvæmdaáfangi
Þingeyri og dreifbýli við Dýrafjörð	Öll vötn til Dýrafjarðar	Framkvæmdaáfangi
Borgarfjörður eystri	Betri Borgarfjörður	Framkvæmdaáfangi
Bakkafjörður	Betri Bakkafjörður	Framkvæmdaáfangi
Strandabyggð	Sterkar Strandir	Framkvæmdaáfangi

1 Ríkisstjórn samþykkti í apríl 2021 að leggja til að verkefnið yrði framlengt til loka árs 2022.

2 Ríkisstjórn samþykkti í apríl 2021 að leggja til að verkefnið yrði framlengt til loka árs 2022.

Á árinu 2020 voru samtals sjö byggðarlög þátttakendur í verkefninu og verða hverju þeirra gerð skil hér á eftir.

### ÖXARFJÖRÐUR Í SÓKN

Verkefnið Öxarfjörður í sókn hóf göngu sína árið 2015 og var í lokaáfangi verkefnisins Brothættar byggðir á árinu 2020. Verkefnið hafði þá verið framlengt um eitt ár. Verkefninu lauk formlega í árslok 2020 þegar Byggðastofnun dró sig formlega út úr verkefninu. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Öxarfjarðar í sókn er Charlotta Englund.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings

Ari Páll Pálsson, SSNE

Baldvin Valdemarsson, SSNE

Stefán H. Grímsson, fulltrúi íbúa

Salbjörg Matthíasdóttir, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka I má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2020.

Styrkt verkefni

Alls bárust 23 umsóknir um styrki fyrir árið 2020 og nam heildarfjárhæð þeirra kr. 51.706.466,-. Verkefnisstjórn samþykkti að styrkja tólf verkefni í byggðarlaginu að þessu sinni. Alls nam styrkfjárhæðin samtals 13.570.000,- sem veittar voru úr Frumkvæðissjóði og vegna sérstaks fjárfestingarátaks Alþingis vegna Covid19 á árinu 2020. Verkefnin eru fjölbreytt og munu efla ýmsa þætti samfélagsins. Verkefnin og styrkuppghæð má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkuppghæð
Framtíð í fjárhúsi í Kelduhverfi	Sigrún Björg Víkingur	Tilfærsla á rótgrónu fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á gjafavöru frá Húsavík í Kelduhverfið.	1.950.000,-
Bakkaböðin	Hildur Óladóttir	Uppbygging baðhúss fyrir gesti og heimamenn sem nýta Bakkaböðin.	970.000,-
Áframhaldandi uppbygging á Bjarnastöðum	Bjarnastaðir hestaferðir ehf.	Uppbygging Bjarnastaða Horse Tours. Markaðssókn í formi gisti- og afþreyingartilboða sem höfða til Íslendinga til að bregðast við afleiðingum Covid-19 í ferðapjónustu.	1.250.000,-
Sparifé- pylsur og beikon	Hafsteinn Hjálmarsson	Vöruþróun á tveimur nýjum afurðum þ.e. léttreyktum pylsum og lamba/kindabaconi.	350.000,-
Hestatengd ferðapjónusta á Meiðavöllum	Heimahagar ehf.	Hestaleiga tengd við þjónustu hestahópa. Þróun nýrra reiðleiða utan og innan þjóðgarðs.	1.250.000,-
Kjötvinnsla í Árdal	Salbjörg Matthíasdóttir	Koma upp vottaðri kjötvinnslu og frystigeymslu fyrir sauðfjárafurðir. Aukin verðmætasköpun.	1.950.000,-
Mórúnir-jurtalitun og handverk	Lón 2 ehf.	Tækjakaup og vöruþróun ásamt markaðssetningu og uppsetningu vefverslunar undir vörumerkinu Mórúnir.	500.000,-



Rófurækt á Presthólum	Klapparós ehf.	Aukin landnýting fyrir rófuræktun á áður óunnu landi í landi Presthóla.	2.000.000,-
Ræktun á Austursandi í Öxarfirði	Active North ehf.	Fyrstu skref í nýtingu jarðvarma til tilraunaræktunar á hvítlauk og/eða trönuberjum ásamt markaðsgreiningu og gerð viðskipta- og rekstraráætlunar.	1.000.000,-
Gamla verkstæðishúsið á Kópaskeri	Röndin ehf. og Sel sf.	Framkvæmdir vegna endurbyggingar á ónothæfu atvinnuhúsnæði á Kópaskeri. Fegrun ásýndar á Röndinni.	1.000.000,-
Sólstöðuhátíð á Kópaskeri 2020	Framfarafélag Öxarfjarðar	Framkvæmd árlegrar bæjarhátíðar undir heitinu Sólstöðuhátíð.	900.000,-
Tækifæri við Vegginn í Kelduhverfi	Norðurhjari	Frumathugun á forsendum og fýsileika þess að útbúa áningarstað við Vegginn í Kelduhverfi, skammt vestan Ásbyrgis. Gerð hagsmunagreiningar.	450.000,-
			Samtals 13.570.000,-

Auk þess hlaut Kjötvinnslan í Árdal styrk úr Öndvegissjóði að upphæð 5.700.000,- sjá nánar í kafla 4 um fjárfestingaráttak stjórnvalda.



Kópaskersvíti.

#### Fundir

Verkefnisstjórn hélt alls 30 (snerti- og fjárfundi) á verkefnistímanum. Alls voru haldnir fimm íbúafundir á vegum verkefnisins (íbúapíngið 2016 þar með talið). Mætingin var að jafnaði góð og mikil þátttaka. Miðað við mætingu á síðasta íbúafundi sem haldinn var 2019 var ljóst að verkefnið væri að ná betri fótfestu og þá mættu íbúar af öllu svæðinu, alls um 50 aðilar að verkefnisstjórn meðtalinni. Ekki tókst að halda fund 2020 vegna COVID-19. Stefnt er að því að halda lokafund í verkefninu á árinu 2021.

#### Úr samantekt verkefnisstjóra:

Þátttöku Byggðastofnunar í verkefni Brothættra byggða í Öxarfjarðarhéraði lauk formlega um áramótin 2020/21

eftir fimm ára samstarf, eða frá ársbyrjun 2016. Samkvæmt samningi átti verkefninu að ljúka í lok árs 2019 en það var framlengt um eitt ár. Verkefnisstjórn Öxarfjarðar í sókn hyggst á árinu 2021 standa fyrir „loka íbúafundi“ en ekki var unnt að halda slíkan fund á árinu 2020. Norðurþing hefur tekið ákvörðun um að halda sambærilegu verkefni gangandi innan Öxarfjarðarhéraðs á nýju ári með ráðningu atvinnu- og samfélagsfulltrúa (til eins árs fyrst um sinn). Það er afar ánægjulegt í ljósi þess að talsvert af framfaraverkefnum eru í gangi sem mikilvægt er að styðja við og fylgja eftir.

Afar fjölbreytt og krefjandi verkefni hafa komið á borð verkefnisstjóra á liðnum árum og eru einnig framundan. Það stendur þó helst upp úr á verkefnistímanum hvað margir íbúar og fyrirtæki svæðisins eru að vinna mikið og gott frumkvöðla- og nýsköpunarstarf á mörgum sviðum. Erindum og fyrirspurnum frá verkefnisstjóra var alltaf vel tekið hvort sem leitað var til sveitarfélagsins, íbúa eða fyrirtækja. Þá hafa þessir sömu aðilar einnig lagt til talsverða vinnu í ýmis verkefni sem skipti samfélagið miklu máli.

Fjölmörg verkefni hafa verið styrkt í verkefninu Öxarfjörður í sókn frá upphafi verkefnistímans, en ótal fleiri framfara- og uppbyggingarverkefni eru í gangi á svæðinu og hafa verið styrkt af öðrum sjóðum. Það sýnir hvað samfélagið samanstendur af öflugum fólki og fyrirtækjum. Á svæðinu er talsverð uppbygging framundan. Þar má nefna að fiskeldi Samherja og fiskeldi Austfjarða eru að sækja fram með uppbyggingu á Kópaskeri, Kelduhverfi og Öxarfirði sem mun leiða af sér mikla vinnu fyrir verktaka, þjónustuaðila sem og að skapa störf til framtíðar. Slíkt kallar einnig á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem nú þegar eru áform um. Ágætis árangur náðist í vinnu að flestum starfsmarkmiðum í verkefninu Öxarfjörður í sókn á verkefnistímanum, sérstaklega þegar horft er til forgangsroðunar málaflokka á íbúáþinginu, þó vissulega séu á því nokkrar undantekningar.



Grímseyjarhöfn.

## GLÆÐUM GRÍMSEY

Verkefnið Glæðum Grímsey hóf göngu sína árið 2016 með íbúapingi í byrjun maí eftir undirbúningsvinnu frá árinu 2015. Á fundinum voru sett fram þrjú meginmarkmið og samtals 33 starfsmarkmið. Á íbúafundi í febrúar 2019 voru starfsmarkmiðin endurskoðuð og þeim fjölgað í 42. Verkefnið var í lokaáfanga á árinu 2020 eftir að hafa verið framlengt um eitt ár. Til stóð að verkefninu lyki formlega í árslok 2020 en þegar þetta er ritað hafa stjórnvöld nýlega samþykkt að beina því til Byggðastofnunar að framlengja verkefnið til loka árs 2022. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Glæðum Grímsey er Karen Nótt Halldórsdóttir.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Halla Björk Reynisdóttir, Akureyrarbæ

Gunnar Gíslason, SSNE

Baldvin Valdemarsson, SSNE

Guðrún Inga Hannesdóttir, fulltrúi íbúa

Jóhannes Henningsson, fulltrúi íbúa

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun



Grímseyjarviti.

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka II má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2020.

Styrkt verkefni

Auglýst var eftir styrkumsóknum í byggðaðróunarverkefnið Glæðum Grímsey í apríl 2020. Samtals tíu umsóknir bárust í Frumkvæðissjóð að þessu sinni og hlutu allar styrk. Alls nam styrkfjárhæðin samtals 13.770.000,- sem veittar voru úr Frumkvæðissjóði og vegna sérstaks fjárfestingarátaks Alþingis vegna Covid19 á árinu 2020. Heildarfjárhæð umsókna nam samtals kr. 25.732.537,-. Verkefnin eru fjölbreytt og munu efla ýmsa þætti samfélagsins. Verkefnin og styrkupp hæð má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Hurðaskipti á gistiheimilinu Básam	Básavík ehf.	Styrking ferðapjónustu. Styrkur veittur til endurnýjunar á hurðum á gistiheimilinu Básam.	700.000,-

Markaðssetning í skugga Covid 2020	Arctic Trip	Endurnýjun samninga við ferðaskrifstofur og skemmtiferðaskip, breyting á ferðatilhögun sérhópa, markaðssetning til íslenskra ferðamanna og þróun vetrarferðamennsku.	500.000,-
Útgáfa bókarinnar: Grímsey - Undraeyja norðursins	Gyða Henningsdóttir	Útgáfa á ljósmyndabók um Grímsey með umfjöllun bæði á íslensku og ensku.	750.000,-
Vörulína fyrir Grímsey	Gyða Henningsdóttir	Þróun vörulínu minjagripa og ljósmynda sem draga fram einkenni og sérstöðu Grímseyjar.	400.000,-
Miðstöð ferðamála í Grímsey	Arctic Trip	Nýjar áherslur í ferðaþjónustu, miðstöð ferðamála í Grímsey á Sveinstöðum sett á fót. Fræðslu- og upplifunarmöguleikar. Sérhæfing í gistingu fyrir stærri hópa.	3.000.000,-
Umhirða óræktar í Grímsey	Bjarni Reykjalín Magnússon	Kaup á tækjum og vinna við umhirðu og snyrtingu óræktar í Grímsey.	1.100.000,-
Endurbætur á Gullsól	Anna María Sigvaldadóttir	Endurbætur á salernum í Gullsól (gallerí og gistiheimili), bæði í gisti- og verslunarrými.	1.100.000,-
Hausthátíð	Kvenfélagið Baugur	Auka menningarlíf í Grímsey með Hausthátíð í kringum haustjafndægur með tónlistaratriðum og fl.	320.000,-
Rafrænn snjallratleikur	Sævar Þór Halldórsson	Þróun á rafrænum snjallratleik fyrir Grímsey sem ráðgert er að verði tiltækur í þrjú ár. Aukin afþreying í Grímsey fyrir íbúa og ferðamenn.	900.000,-
Þjónusta við ferðamenn í Grímsey	Muninn ehf.	Aukið þjónustuframboð í pylsuvagni með þróun nýrra rétta auk endurbóta á aðstöðu við pylsuvagn. Aukið framboð á fjallahjólum í hjólaleigu og koma upp sæpotuleigu. Kynningarmál og markaðssetning.	5.000.000,-
			Samtals 13.770.000,-

## Fundir

Á árinu 2020 voru haldnir þrjú verkefnisstjórnarfundir, þann 15. apríl, 18. mars og 6. júní og allir voru þeir haldnir með fjarfundasniði sökum samkomutakmarkana vegna COVID-19. Þegar létt var á samkomutakmörkunum tókst að halda íbúafund þann 30. júní í félagsheimilinu Múla. Fundurinn var vel sóttur en um 20 íbúar tóku þátt. Á fundinum var styrkjum úthlutað til tíu verkefna úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða.

### Úr samantekt verkefnisstjóra:

Reynslan af byggðapróunarverkefninu Glæðum Grímsey sýnir að verkefni af þessu tagi skiptir miklu máli fyrir byggðarlagið og framþróun þess. Styrkveitingar úr Frumkvæðissjóði hafa hvatt íbúa til góðra verka, nýsköpunar og samstöðu um málefni byggðarlagsins m.t.t. sóknarfæra í atvinnulífi og til eflingar samfélagslegra þátta. Þar má t.d. nefna að mikil nýsköpun og frumkvöðlastarf hefur átt sér stað á sviði ferðapjónustu og ný fyrirtæki hafið starfsemi. Atvinnuráðgjafar SSNE hafa aðstoðað frumkvöðla eftir því sem leitað hefur verið eftir. Verkefni sem miða að nýtingu raforku m.t.t. uppsetningar á vindmyllum og sólarrafhlöðum er hafið. Verkefnastjórar hafa á tímabilinu unnið að því að koma sjónarmiðum Grímseyinga á framfæri í stjórnýslunni hvað varðar hagsmunamál byggðarlagsins. Íbúafjöldi hefur staðið í stað á árinu 2020. Þegar þetta er ritað hafa stjórnvöld einnig tekið ákvörðun um að verkefnið Glæðum Grímsey verði framlengt til loka árs 2022.



Íbúafundur í Grímsey.



Íbúafundur í Grímsey.

## ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Verkefnið Áfram Árneshreppur hóf göngu sína árið 2017 og er nú í framkvæmdaáfangi Brothættra byggða. Íbúafing var haldið í júní 2017, þar settu íbúar fram markmið og áætlun var gerð um fyrstu skref í verkefninu. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn hafa unnið eftir þeirri verkefnisáætlun í höfuðdráttum en jafnframt brugðist við aðstæðum sem upp hafa komið jafnóðum. Íbúum hefur fækkað jafnt og þétt í Árneshreppi. Íbúaföldin varð mestur á stríðsárunum, þá bjuggu á sjötta hundrað í hreppnum, en nú eru þar aðeins 40 manns með lögheimili m.v. 1. desember 2020. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Áfram Árneshreppur er Skúli Gautason. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Lína Björg Tryggvadóttir, fulltrúi Vestfjarðastofu

Arinbjörn Bernharðsson, fulltrúi íbúa

Kristmundur Kristmundsson, fulltrúi íbúa

Linda Guðmundsdóttir, fulltrúi íbúa

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka III má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2020.

Styrkt verkefni

Veittir voru styrkir til 13 fjölbreyttra verkefna úr Frumkvæðissjóði alls kr. 14.890.000,-. Hluti af upphæðinni er tilkominn vegna endurúthlutunar fjármuna sem ekki nýttust í úthlutun fyrra árs. Heildarfjárhæð umsókna nam kr. 30.757.094,-. Styrkúthlutun skiptist þannig á milli kynja að þrjár konur voru meðal styrkhafa en tíu karlar.

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkuppghæð
The Factory	Emilie Dalum/ Hótel Djúpavík	Uppsetning á myndlistarsýningu.	500.000,-

Jógasetur í renni- verkstæðinu	Kristjana María Svarfdal Ásbjörnsdóttir	Undirbúningur opunar Jógaseturs í heillandi rými í Djúpavík.	1.500.000,-
Sleðaferðir á Ströndum	Hótel Djúpavík	Kaup á öryggisbúnaði. Styrkur skilyrtur því að búnaðurinn verði einnig aðgengilegur björgunarsveitinni.	600.000,-
Uppfærsla á Sögusýningu	Hótel Djúpavík	Endurbætur á menningar- og sögutengdri sýningu.	500.000,-
Escape room í Djúpavík	Hótel Djúpavík	Hönnun og undirbúningur á nýjum afþreyingarmöguleika.	1.000.000,-
Baskasafn í Djúpavík	Hótel Djúpavík	Hönnun og undirbúningur á menningar- og sögutengdri sýningu.	2.500.000,-
Djúpavíkurhús	Grétar Örn Jóhannsson	Undirbúningur að rekstri fyrirtækis um smáhýsi.	800.000,-
Jarðfræðilega áhugaverðir staðir í Árneshreppi	Stapi ehf.	Kortlagning og vinna að upplýsingum um jarðfræði Árneshrepps.	800.000,-
Hönnun og útgáfa á sameiginlegu markaðsefni	Ferðamála- samtök Árneshrepps	Markaðs- og kynningarmál. Kynningarátak fyrir Árneshrepp.	1.400.000,-
Aðbúnaður við Krossneslaug	Umf. Leifur heppni	Endurbætur og aðgengismál við sundlaug í Krossnesi.	3.880.000,-
Eldhúsinnrétting í verslun	Verzlunarfélag Árneshrepps	Endurbætur á kaffiaðstöðu í verslun.	380.000,-
Bætt aðstaða á tjaldstæði	Urðartindur	Uppsetning á snyrtiaðstöðu við tjaldstæði.	900.000,-
Ullarvinnsla	Elsa Rut Jóhönnudóttir	Tækjakaup til ullarvinnslu.	130.000,-
			Samtals 14.890.000,-



Íbúafundur í Árneshreppi.



Íbúafundur í Árneshreppi.

### Úr samantekt verkefnisstjóra:

Fjöldi þeirra sem eiga lögheimili í hreppnum hefur nokkurn veginn staðið í stað en þeim sem eiga þar búsetu allt árið fækkar smám saman. Alls voru 40 íbúar með skráð lögheimili 1. desember 2020. Sauðfjár búskapur er kjölfestan í heilsársbúsetu í Árneshreppi. Það þarf að auðvelda nýliðun í sauðfjarrækt og gera hann fýsilegri með veiðiheimildum fyrir þá sem vilja stunda útgerð með búskapnum eins og gert hefur verið frá landnámi. Ferðapjónusta í Árneshreppi hefur verið að aukast og getur aukist enn með fjölgun gistirýma og afþreyingarmöguleika.

Möguleikar eru á því að nýta húsnæði sem stendur autt fyrir stafræna flakkara og aðra sem geta unnið störf án staðsetningar. Í þessu er fólgin fljótlegasta leiðin til að snúa fólksfækkun við. Til að þetta geti blómstrað þarf að tryggja hnökralaus netsamskipti með ljósleiðara. Fólk sem hefur valið slík störf hefur verið boðið velkomnið í byggðarlagið og því standa til boða ýmis störf, t.d. aðstoð við búskap og umönnunarstörf.

Það er áriðandi að fá fjármagn til styrkveitinga í

Tvö verkefni í byggðarlaginu fengu einnig styrk úr Öndvegissjóði. Verkefnið sem hlutu styrk úr Öndvegissjóði hlutu samtals 11.600.000,-. Verkefnið eru Krossneslaug – aðdráttarafl sem sameinar, umsókn Ungmennafélagsins Leifs heppna og Baskasetur, umsókn Hótel Djúpavíkur.

### Fundir

Verkefnisstjórn hélt sex fundi á árinu, 26. febrúar, 16. apríl, 29. maí, 14. ágúst, 8. september og 7. desember. Undirbúningshópur styrkveitinga Áfram Árneshrepps fundaði auk þess tvisvar sinnum þ.e. 20. og 26. apríl, en formleg úthlutun styrkja úr Frumkvæðissjóði fór fram í Árneshreppi 24. júní. Íbúafundur var haldinn í félagsheimilinu í Trékyllisvík 17. ágúst. Allgóð þátttaka var á fundinum og fundarmenn sammála um að greina hismið frá kjarnanum, einbeita sér að því sem raunverulega skipti máli. Auk þeirra hafa verið haldnir mánaðarlegir fundir með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða.



Djúpavík við Reykjarfjörð. Pottfjall gnæfir yfir.



Brothættum byggðum. Til að verkefnið fái aukið vægi þarf byggðarlag sem er tekið inn í Brothættar byggðir að fá einhverskonar stjórnáslulega stöðu þvert á ráðuneyti. Þannig mætti hugsa sér að ef tvö verkefni væru lögð að jöfnu hefði það verkefni forgang sem væri í Brothættum byggðum.

## ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR

Undirbúningur að verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar hófst árið 2017. Íbúáping var haldið í mars 2018 þar sem lagðar voru línur um markmið og framkvæmd verkefnisins. Verkefnið er nú í framkvæmdaáfangi Brothættra byggða. Í lok árs 2019 hefur verkefnisstjóri verið starfandi í verkefninu í rúm tvö ár. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar er Agnes Arnardóttir.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Arna Lára Jónsdóttir, fulltrúi Ísafjarðarbæjar

Lína Björg Tryggvadóttir, fulltrúi Vestfjarðastofu

Erna Höskuldsdóttir, fulltrúi íbúa

Lára Ósk Pétursdóttir, fulltrúi íbúa

Sigmundur F. Þórðarson, fulltrúi íbúa

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun



Verkefnisstjórn fundar í Blábankanum á Þingeyri.

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka IV má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2020.

Styrkt verkefni

Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr Frumkvæðissjóði tvisvar sinnum á árinu. Ástæðan var sú að ríkisstjórnin setti aukið fjárframlag í verkefnið með sérstöku fjárfestingarátaki vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna COVID-19. Því var auglýst eftir umsóknum í byrjun febrúar og í lok apríl. Í fyrri úthlutun bárust alls 19 umsóknir, veittir voru styrkir til 14 verkefna en tvö af verkefnum drógu þátttöku sína til baka eftir úthlutun. Styrkfjárhæð þeirra verkefna var endurúthlutað í síðari úthlutun. Í síðari úthlutun úr Frumkvæðissjóði bárust alls 16 umsóknir og voru 12 þeirra styrktar að þessu sinni. Samtals voru því verkefni sem hlutu styrk 24 talsins á árinu 2020, veittur styrkur til þeirra samtals kr. 14.070.000.- Heildarfjárhæð umsókna nam hins vegar kr. 35.735.196,-.

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Dýra	Arnar Sigurðsson	Tónlistarupplifun á mörkum tónlistar og hugleiðslu í október 2020 skipulögð af skosk/portúgölskum listamanni og vestfirskum tónlistarmanni.	200.000,-
Aukaafurða- vinnsla á Þingeyri	Birkir Kristjánsson f. hönd óstofnaðs hlutafélags	Gerð viðskiptaáætlunar vegna fyrirhugaðrar aukaafurðavinnslu þorskafurða. Gert er ráð fyrir samnýtingu við markaðsnet vara framleiddum hjá Omega 3	450.000,-
Grænir fingur	Fræ til framtíðar	Samstarfsverkefni við grunnskólann á Þingeyri og Heilsuleikskólann Laufás. Uppsetning á gróðurhúsi sem mun nýtast til náms og kennslu og stuðla að sjálfbærni.	800.000,-
Board game night for the community of Þingeyri	Helen Cova	Auknir afþreyingarmöguleikar fyrir íbúa í formi reglubundinna spilakvölda í Blábankanum. Skipuleggjendur bjóða fram 330 tegundir af borðspilum úr eigin safni.	150.000,-
Klippikot	Hulda Hrönn Friðbertsdóttir	Aukin þjónusta í heimabyggð með standsetningu hárgreiðslustofu og um leið stuðlað að atvinnuuppbyggingu í byggðarlaginu.	350.000,-
Developing Enneagram material and products in Icelandic	Janne Kristensen	Þróun námsefnis fyrir vinnusmiðjur á Þingeyri sem byggja á hugmyndafræði um þróun og eflingu sjálfsvitundar þar sem byggt er á níu mismunandi tegundum greinda.	250.000,-
Fantasíuhátíð undirbúnings- styrkur	Marsibil G. Kristjánisdóttir	Undirbúningsvinna að Fantasíuhátíð sem áformað er að haldin verði í fyrsta sinn sumarið 2021 og byggir á víkingum og norrænum sagnaheimi.	250.000,-
Danish weekend in Þingeyri summer 2021	Simbahöllin	Undirbúningsvinna að danskri helgi á Þingeyri, fyrirmynd kemur frá japanskri helgi sem haldin var haustið 2018. Hér verður íslensk og dönsk menning í hávegum höfð.	150.000,-
Saltfiskverkun	Sæverk ehf.	Viðskiptaáætlun fyrir saltfiskverkun á Þingeyri.	450.000,-

Media for Tank	Tankur, menningarfélag	Sjónræn kynning á hugmyndafræði og hönnunar- og byggingarferli Tanksins, útilistarverks og fólkvangs.	400.000,-
The Dýrafjörður Tank + Tunnel opening festival	Wouter Van Hoeymissen	Skipulagning hátíðarhalda vegna formlegrar vígslu Tanksins um leið og Dýrafjarðargögn verða vígð.	350.000,-
Past Tunnel Strategy for Þingeyri	Wouter Van Hoeymissen	Unnið að hugmyndafræði um sjálfbærni byggðarlagsins til framtíðar m.t.t. hagfræði-, vistfræði- og menningarlegra sjónarmiða á þeim tímamótum þar sem áhrifa opunar Dýrafjarðarganga gætir.	150.000,-
RoadSign for Tank	Wouter Van Hoeymissen	Undirbúningur og hönnun á vegvísi sem vekja á athygli á Tankinum, útilistaverki og fólkvangi á Þingeyri.	750.000,-
Sumarljós og svo kemur nóttin	Berserk Films	Smíði leikmynda innan og utan dyra á Þingeyri. Leiga og uppsetning á kvikmyndaframleiðsluskrifstofu.	1.200.000,-
Startup Westfjords 20 Nýsköpunar- hraðall	Blábankinn	Vinnustofur undir handleiðslu sérfræðinga á sviði nýsköpunar og allt að þriggja vikna dvöl hóps nýsköpunarfyrirtækja í samvinnurými Blábankans á Þingeyri.	400.000,-
Group residencies	Janne Kristensen	Móttaka tíu alþjóðlegra og íslenskra þátttakenda í vinnubúðir á Þingeyri sem keyrðar verða í tvígang í tíu daga í hvort sinn.	800.000,-
Website for enneagram	Janne Kristensen	Grafísk hönnun og uppsetning á faglegri heimasíðu um Enneagram vinnusmiðjur á Þingeyri.	200.000,-
Bakkarétt í Brekkuðal í Dýrafirði	Jóhanna Gunnarsdóttir	Forrannsókn á ástandi Bakkaréttar sem er gömul steinhlaðin rétt þar sem kannaðir verða möguleikar á uppbyggingu hennar. Liður í verndun menningarminja.	170.000,-
Fuglaskoðun í Alviðru	Matthildur Helgadóttir Jónudóttir	Gerð viðskiptaáætlunar um uppbyggingu fuglaskoðunarhúss á landnámsjörðinni Alviðru í Dýrafirði.	400.000,-

Fjallamennska í vestfirsku ölpunum	Óttar Freyr Gíslason	Framhald á verkefni þar sem gert er ráð fyrir að bæta við tveimur gönguskíðaleiðum og einni fjallahjólaleið í Dýrafirði og í vestfirsku ölpunum. Leiðirnar verða m.a. settar fram með rafrænum hætti.	400.000,-
Riding courses for kids and beginners	Simbahöllin	Tvö aðskilin hestanámskeið í samstarfi við Grunnskólann á Þingeyri og hestamannafélagið Storm sem áformuð eru veturinn 2020-2021.	1.250.000,-
Reinventing Simbahöllin	Simbahöllin	Tilraunaverkefni sem snýr að sjálfbærni fyrirtækja. Samvinna t.d. við Háskólasetrið á Ísafirði um hugmyndafræðina Blue economy.	150.000,-
Tankur - stálsmíðavinna	Tankur Menningarfélag	Vinna iðnaðarmanna við stálsmíði í Tankinum sem er útilistaverk og fólkvangur í byggingu á Þingeyri.	3.300.000,-
Víkingasvæðið 2020	Víkingar á Vestfjörðum	Skipulag og framkvæmd víkingahátíðar. Hönnun og uppsetning á upplýsingaskiltum, hönnun og bygging á Nausti og ýmsar endurbætur og viðhald á víkingasvæði.	500.000,-
Fegrin miðbæjar Þingeyrar	Þórir Örn Guðmundsson	Utanhúss klæðning á Hafnarstræti 2 endurnýjuð, með standandi timburklæðningu. Verkefnið er hluti af fegrin miðbæjarkjarna á Þingeyri.	600.000,-
			Samtals 14.070.000,-

Auk þess hlaut verkefnið Tankurinn, útilistaverk og kennileiti á Þingeyri, styrk úr Öndvegissjóði að upphæð 4.000.000,- sjá nánar í kafla 4 um fjárfestingaráttak stjórnvalda.

## Fundir

Stjórnarfundir voru óvenju margir árið 2020 eða í kringum ellefu talsins, ýmist með allri stjórninni eða úthlutunarnefnd stjórnar vegna styrkúthlutunar úr Frumkvæðissjóði. Helgast þessi fjöldi stjórnarfunda helst af því að tvisvar sinnum var styrkjum veitt úr Frumkvæðissjóði á árinu vegna sérstaks fjárfestingaráttaks stjórnvalda vegna COVID-19. Einnig átti stjórnin góðan vinnufund í september þar sem vel var farið yfir stöðu verkefna, bæði þeirra sem tengjast markmiðum íbúafundanna og styrkra verkefna. Rætt var um stöðu verkefnisins ásamt umræðu um hvernig nýta mætti best þann tíma sem eftir er af verkefnistímabilinu í þágu byggðarlagsins. Verkefninu líkur samkvæmt samningi í lok árs 2021. Enginn íbúafundur var haldinn á árinu vegna Covid-19 og ástandsins í þjóðfélaginu því tengdu s.s. vegna samkomutakmarkana. Verkefnisstjóri sat fjöldann allan af fundum sem tengdust styrkumsóknum og veitti

ýmsa aðstoð við fyrirtæki og íbúa. Einnig sat verkefnisstjóri mánaðarlega fundi með bæjarstjóra og bæjarritara Ísafjarðarbæjar ásamt mánaðarlegum fundum með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða.

### Úr samantekt verkefnisstjóra:

Verkefnisstjóri hefur átt í miklu og góðu sambandi við íbúana. Áhugi íbúanna er þó nokkur gagnvart verkefninu, en misjafnt er hversu mikið frumkvæði íbúar sýna verkefnum sem tengjast markmiðunum sem sett voru í upphafi. Á Þingeyri er aldursskipting íbúanna nokkuð ójöfn, þar sem stór hluti þeirra er eldra fólk sem nú þegar hefur skilað sínu framlagi til samfélagsins og tekið þátt í þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað. Það er mikið til sami hópur fólks sem kemur að virkri samfélagsvinnu og er því ekki hægt að ætlast til að þessi hópur taki að sér öll þau verkefni sem tengjast markmiðum og aðgerðaráætlun ÖVD. Sem betur fer hefur orðið jákvæð þróun í þá átt, að jafna betur aldursskiptingu íbúanna, þar sem nokkrar barnafjölskyldur hafa flutt til Þingeyrar á síðustu tveimur árum. Íbúasamtökin hafa eflst og hefur verkefnisstjóri komið að því verkefni, m.a. með því að sitja alla stjórnarfundir íbúasamtakanna sem áheyrnarfulltrúi. Aðstoðað við að miðla áfram til sveitarfélagsins þeim málefnum sem tekin eru fyrir hverju sinni. Stemningin í byggðarlaginu er góð, bjartsýni ríkir í atvinnumálum, sem má kannski að einhverju leiti rekja til uppgangs í fiskeldi á svæðinu. Íbúar eru meðvitaðir um að fjölbreytt atvinnulíf er ein af forsendum búsetu í byggðarlaginu og stuðlar að fjölbreytni samfélagsins.

Verkefnisstjóri er þokkalega sáttur með framgang verkefnisins en hefði kannski viljað sjá hlutina gerast hraðar. En hafa ber í huga að þegar niðursveifla hefur varað lengi þá tekur það lengri tíma en þrjú til fjögur ár að snúa þróuninni við. Þegar á heildina er litið hefur verkefnið stuðlað að því að aukið fjármagn hefur komið inn í samfélagið og fjölbreytt aðstoð við íbúa átt sér stað, sem hefur leitt til samfélags- og atvinnuuppbyggingar. Tíminn verður síðan að leiða í ljós hversu mikið kemur út úr verkefni sem þessu.

### BETRI BORGARFJÖRÐUR

Verkefnið Betri Borgarfjörður hóf göngu sína síðla árs 2017 og vel sótt íbúáþing var haldið í febrúar árið 2018. Þar voru helstu hugðarefni íbúa rædd og stefna verkefnisins gróflega mótuð. Þá voru einnig fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn kosnir. Verkefnið er nú í framkvæmdaáfangi Brothættra byggða. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu Betri Borgarfjörður er Alda Marín Kristinsdóttir.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps

Stefán Bogi Sveinsson, fulltrúi SSA

Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú

Elísabet Dögg Sveinsdóttir, fulltrúi íbúa

Óttar Már Kárason, fulltrúi íbúa

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun



Íbúafundur á Borgarfirði eystri.

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka V má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2020.

Styrkt verkefni

Árið 2020 var sérstakt að mörgu leyti. Styrkúthlutun ársins var þar ekki undanskilin. Upphafleg styrkuppþæð fyrir árið var fimm milljónir sem er lækkun frá árunum tveimur þar á undan þegar hún var sjö milljónir. Sem viðspyrna við COVID-19 ákvað ríkisvaldið að auka fjármagn til verkefnisins Brothættar byggðir svo endanleg úthlutunarfjárhæð fyrir árið var kr. 13.570.000,- auk þess sem kr. 830.000,- sem skilað hafði verið úr fyrri úthlutunum var endurúthlutað samtímis. Samtals var því styrkfé ársins 2020 kr. 14.400.000,-. Alls bárust 35 umsóknir og var heildarfjárhæð sem sótt var um kr. 77.288.300,-. Heildarkostnaður verkefnanna var áætlaður kr. 279.332.064,-. Úthlutunarnefnd ákvað að styrkja 15 verkefni að þessu sinni. Verkefni eru fjölbreytt og munu efla ýmsa þætti samfélagsins. Verkefni og styrkuppþæð má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkuppþæð
Þróun á íslensku náttúrubaði	Blábjörg	Þróun náttúrubaða, stækkun baðsvæðis og aukin þjónusta m.a. með hráefni úr nærumhverfi s.s. íslenskum þara.	1.050.000,-
Vöruþróun á handverksgini	Blábjörg	Þróun handverksgins úr staðbundnum hráefnum.	950.000,-
Sumarbúðir	Trausti Hafsteinsson	Koma á fót sumarbúðum fyrir bæði íslensk og erlend börn á Borgarfirði.	350.000,-
Hjólaparadísin Borgarfjörður	Fjarðarhjól	Þróun, mótun og markaðssetning fjallahjólaleiðar í byggðarlaginu.	300.000,-

Samstarf ferðaþjónustu- fyrirtækja og einstaklinga	Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri	Átaksverkefni sem snýr að sölu á vörum og þjónustu til innlendra ferðamanna sumarið 2020.	500.000,-
Samfélags- miðstöðin Fjarðarborg	Borgarfjarðar- hreppur	Betri nýting Fjarðarborgar allt árið um kring, m.a. með uppsetningu samvinnurýmis og endurbótum á húnæðinu.	5.000.000,-
Skráning muna á Lindarbakka	Minjasafn Austurlands	Skráning muna og varðveisla Lindarbakka í núverandi mynd.	510.000,-
Nýlundabúðin	Teikniþjónustan Jafnóðum	Koma á fót Nýlundabúð í Hafnarhólma og vekja með þeim hætti athygli á lundabyggðinni þar. Verkefnið sameinar hugmyndir um listsköpun, heimildateikningu, náttúruvernd og ferðaþjónustu.	700.000,-
Hafnarhús eystra	Guðrún Benónýsdóttir og Andri Björgvinsson	Uppsetning listsýninga í Hafnarhúsi sumarið 2020. Völdum listamönnum boðið að setja upp þrjár myndlistarsýningar í húsinu.	700.000,-
Lagasmíðar á Borgarfirði eystri	Aldís Fjóra Borgfjörð Ásgeirsdóttir	Fimm daga vinnubúðir tileinkaðar laga- og textasmíðum í stórbrotnu umhverfi Borgarfjarðar eystri. Afrakstur vinnubúðanna verður kynntur á tónleikum í lok vinnubúðanna.	500.000,-
Þvottur æðadúns	Íslenskur dúnn	Tækjakaup til þvottar á æðadúni sem stuðlar m.a. að minnkuðu vistspori, minni framleiðslukostnaði og er um leið atvinnuskapandi.	750.000,-
Bíla- og dekkjaviðgerðir	Jón Helgason	Tækjakaup á bílalyftu fyrir starfsemi bílaverkstæðis. Verkefnið felur í sér aukna þjónustu árið um kring fyrir íbúa og gesti.	900.000,-
Tækjakaup til harðfisk- verkunar	Sporður hf./Kári Borgar ehf.	Tækjakaup fyrir nýja harðfiskvinnslu á Borgarfirði. Markmiðið er að hámarka afköst, skilvirkni og nýtingu hráefnis.	1.000.000,-

Púttvöllur	Christer Magnusson	Uppsetning fimm til sex holu púttvallar við Búðina. Verkefnið felur í sér fjölgun afþreyingarmöguleika fyrir heimamenn og ferðamenn.	190.000,-
Ærslabelgur á íþróttasvæði	UMFB í samstarfi við foreldrafélag Grunnskólans á Borgarfirði eystri	Uppsetning ærslabelgs við íþróttasvæðið á Borgarfirði.	1.000.000,-
			Samtals 14.400.000,-

Að auki hlaut Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg 10.000.000,- styrk úr Öndvegissjóði Brothættra byggða. Sjá nánar í kafla 4.

#### Fundir

Verkefnisstjórn fundaði alls fimm sinnum árið 2020 á eftirtöldum dagsetningum:

Fjarfundur 2. febrúar, fjarfundur um aukaúthlutun vegna COVID-19 16. apríl, fjarfundur um niðurstöður matsnefndar vegna styrkjaúthlutunar 4. júní, staðarfundur verkefnisstjórnar á Borgarfirði eystri 26. júní og fjarfundur 21. október.

Íbúafundur var haldinn í júní 2020 en þá hafði ekki verið haldinn íbúafundur í verkefninu Betri Borgarfjörður síðan í ágúst 2018. Vegna tíðra fundarhalda í tilefni af fyrirhugaðri sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Djúpavogshrepps og Fljótisdalshéraðs haustið 2019 ákvað verkefnisstjórn að fresta árlegum íbúafundi í verkefninu fram yfir áramótin 2019/2020. Þá skall á með heimsfaraldri svo fundarhöld drógust enn um sinn. Það var því ánægjulegt að ná að halda íbúafundinn loksins föstudaginn 26. júní 2020 milli smitbylgna. Fundurinn var haldinn í Vinaminni, félagshúsi eldri borgara á Borgarfirði þar sem um það bil 30 manns mættu og verður að teljast gott í ljósi aðstæðna. Á fundinum var staða verkefnisins frá síðasta íbúafundi kynnt og markmið sem íbúar samþykktu á íbúafundi í ágúst 2018 endurskoðuð. Þá var kunngjörð á fundinum niðurstaða styrkúthlutunar fyrir árið 2020. Fundurinn gekk vel og í umræðum íbúa á fundinum kom fram eindreginn stuðningur við framgang verkefnisins og ánægja með það sem þegar hefur áunnist.

#### Úr samantekt verkefnisstjóra:

Aðstæður í þjóðfélaginu vegna COVID-19 settu sitt mark á árið 2020 hjá Borgfirðingum eins og öðrum. Tafir hafa orðið á verkefnum og breytingar í daglegum rekstri margra fyrirtækja á Borgarfirði og áætlanir fyrir árið hafa ekki gengið



eftir. Ferðapjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein á Borgarfirði eins og víðar á landinu undanfarin ár og var það greininni vissulega áfall þegar afbókanir fyrir sumarið fóru að berast í stórum stíl, enda sumartíminn annasamasti tími ársins í íslenskri ferðapjónustu. Þar kom inn þrautseigja ferðapjóna sem voru duglegir að vekja á sér athygli í íslenskum miðlum og á samfélagsmiðlum fram eftir vori. Gistihúsið Álheimar setti af stað gönguferðapakka á vefnum [www.ferdasumar.is](http://www.ferdasumar.is) sem laðaði að hundruð Íslendinga í gönguferðir um Víknaslóðir og Ferðafélag Fljótsdalshéraðs tók á móti fjölda gesta í skála sína á Víkum í sumar. Gistihúsið Blábjörg hefur haldið gistihúsi og veitingastað opnu allt árið 2020 þrátt fyrir samkomutakmarkanir sem er alls ekki sjálfgefið í þessu árferði.

Dyrfjallahlaup var haldið í byrjun júlí, fór vel fram og hefur greinilega fest sig í sessi hjá hlaupurum landsins. Bræðslan var ekki haldin í ár en veitinga- og skemmtistaðurinn **Já Sæll** í Fjarðarborg hélt uppi merkjum og stóð fyrir viðburðum í allt sumar og náði hápunkti sínum á Brælundni sem haldin var á Bræðsluhelginni. Hafnarhúsið opnaði í byrjun júní og þar var kaffihús opið í allt sumar auk þess sem röð listsýninga var haldin á efstu hæðinni (styrkt af BB 2020). Nýlundabúðin (styrkt af BB 2020) opnaði í fuglaskoðunarhúsinu í Hafnarhólma og vakti mikla athygli innan og utan landsteina. Í haust tóku Borgfirðingar þátt í Dögum myrkurs, hátíð sem haldin er samtímis á öllu Austurlandi og segja má að þar hafi maður verið manns gaman. Það er óhætt að fullyrða að sú mikla vinna sem farið hefur í að vekja athygli á þeim fjölmörgu afþreyingar- og útivistarmöguleikum á Borgarfirði eystri undanfarin ár hafi skilað sér í ár, einmitt þegar á þurfti að halda.

Borgarfjarðarhreppur stóð fyrir byggingu fjögurra leiguíbúða í tveimur parhúsum á árinu. Tafir urðu á afhendingu húsanna sem upphaflega áttu að koma til landsins í ágúst 2020. Húsin komu að lokum til Borgarfjarðar aðfaranótt 25. nóvember á átta vörubílsþöllum og tók um einn og hálfan sólarhring að setja húsin tvö saman og loka þeim. Húsin voru keypt af Jötunn-byggingum og smíðuð í Lettlandi. Nú fer fram frágangur innan- og utanhúss en áætlað er að heimastjórn úthluti íbúðunum í febrúar/mars 2021. Þá eru í undirbúningi þrjár húsbyggingar á vegum einkaaðila á Borgarfirði og verið er að skipuleggja fleiri lóðir í þorpinu.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í samvinnu við Orkusetur veitti sumarið 2020 styrki til bættrar einangrunar húsa í þátttökubyggðarlögum Brothættra byggða. Hægt var að sækja um styrki til glerskipta, einangrunar þakplötu, klæðningar húsa og kaupa á orkusparandi hitastýringartækjum. Hámarksstyrkur var að upphæð 500.000 kr og miðaðist við 50% af efniskostnaði. Samtals 15 verkefni hlutu styrk á Borgarfirði eystri til þessa.

Vegagerð á Vatnsskarði lauk haustið 2020 og er nú einungis eftir óklæddur 15 km. vegarkafli á Borgarfjarðarvegi frá bænum Laufási að Eiðum á Fljótsdalshéraði. Verkið er í forhönnun og fer í útboð á vordögum 2021. Framkvæmdir eiga

að hefjast á árinu 2021 og gert er ráð fyrir að þeim ljúki á árinu 2022. Verkefnið var upphaflega á framkvæmdaáætlun samgönguáætlunar fyrir árin 2024-2026 en var flýtt vegna COVID-19. Lokið var við að leggja ljósleiðara í Njarðvík á árinu og samhliða komst á farsímasamband í Njarðvíkurskriðum, Njarðvík og á Vatnsskarði sem er Borgfirðingum mikið öryggismál. Enn er þó símasamband gloppótt á Borgarfjarðarvegi, héraðsmegin Vatnsskarðs sem er aðkallandi að verði lagað. Sömuleiðis þarf enn að bæta farsímasamband inni á sveit og á sjó.

Tvö íslenskunámskeið fyrir erlenda íbúa á Borgarfirði eystri voru haldin á vegum Austurbrúar á árinu, í maí-júní og september-janúar. Næsta námskeið er fyrirhugað í apríl 2021. Að jafnaði hafa um 10 nemendur sótt námskeiðin. Kennslu á námskeiðunum hefur Tinna Jóhanna Magnusson, kennari við Grunnskólann á Borgarfirði annast.

Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg fékk byr undir báða vængi á árinu. Markmið verkefnisins er að efla atvinnumöguleika á Borgarfirði eystri, búa til sterka umgjörð um félagsheimilið Fjarðarborg, nýta möguleika hússins betur en nú er gert og efla Borgarfjörð sem áhugaverðan búsetukost. Samfélagsmiðstöð er m.a. vettvangur fyrir hverskonar menningarstarfsemi, störf án staðsetningar, starfaferðalanga og „klaksetur góðra hugmynda“! Verkefnið hlaut 800.000.- kr. styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands 2020 til að þróa hugmyndina í kringum Samfélagsmiðstöðina Fjarðarborg og hefur Árni Magnús Magnusson unnið skýrslu með þarfagreiningu og hugmyndafræði kringum verkefnið. Þá hlaut Borgarfjarðarhreppur 5 milljóna króna styrk úr Frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar og 10 milljóna króna styrk úr Öndvegissjóði Brothættra byggða (vegna fjárfestingarátaks stjórnvalda vegna COVID-19) á árinu en fjármagnið er ætlað í framkvæmdir á efri hæð Fjarðarborgar. Í haust var Ásta María Þorsteinsdóttir arkitekt fengin til að teikna upp tillögur að húsnæðinu og Bjarnþór Sigvarður Harðarson rafmagnsverkfræðingur teiknaði nýtt raflagnakerfi fyrir húsið. Teikningarnar þykja hafa tekist einstaklega vel og náð að fanga þann anda sem lagt er upp með í Samfélagsmiðstöðinni Fjarðarborg. Hins vegar hefur framkvæmdum seinkað töluvert, bæði vegna COVID-19 en einnig vegna sameiningar sveitarfélaganna en gaman verður þegar skriður kemst á verkefnið aftur.

Samstarf verkefnisstjóra við Borgfirðinga, styrkþega, verkefnisstjórn Betri Borgarfjarðar, sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps og heimastjórn Borgarfjarðar hefur nú sem fyrr verið einstaklega gott. Flestir styrkþegar hafa gert sitt besta í óvenjulegum aðstæðum til að láta verkefnin sín ganga upp og þrátt fyrir allt hafa flest okkar markmið náð framgangi og blómstrað á árinu. Verkefnisstjóri verður ekki var við annað en að íbúar séu ánægðir með framgang verkefnisins og þau markmið sem náðst hafa og eru í vinnslu. Íbúar eru boðnir og búnir að aðstoða eftir þörfum og taka þátt, enda væri verkefnið ekki á þeim stað sem það er í dag ef ekki væri fyrir áhuga og frumkvæði íbúa. Borgfirðingar eru staðráðnir í að nýta sitt síðasta ár í verkefninu til hins ítrasta og verður áhugavert að taka stöðuna aftur að ári.

## BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Bakkafjörður hóf göngu sína í Brothættum byggðum á árinu 2019. Að mati Byggðastofnunar var staðan orðin mjög erfið og Bakkafjörður því næstur í röð mögulegra þáttökubýggðarlaga skv. sérstökum mælikvörðum stofnunarinnar. Það var einnig í samræmi við tillögu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni Bakkafjarðar. Á þessum tíma þótti ljóst að byggðin þyrfti á verulegum stuðningi að halda frá ríki og sveitarfélagi til að geta staðið af sér frekari áföll. Á því eina og hálfu ári sem verkefnið Betri Bakkafjörður hefur starfað hafa margir jákvæðir þættir orðið til þess að byggðin við Bakkaflóa hefur styrkst. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu Betri Bakkafjörður er Ólafur Áki Ragnarsson.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Jónas Egilsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar

Þorsteinn Ægir Egilsson, oddviti Langanesbyggðar

Vigdís Rún Jónsdóttir, verkefnastjóri menningarmála á Norðurlandi eystra

Baldvin Valdemarsson, verkefnastjóri menningarmála á Norðurlandi eystra

Mariusz Mozejko, fulltrúi íbúa

Gunnlaugur Steinarsson, fulltrúi íbúa

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka VI má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2020.

Styrkt verkefni

Auglýst var eftir styrkumsóknum í byggðapróunarverkefnið Betri Bakkafjörður í apríl 2020. Alls bárust 13 umsóknir um styrki. Verkefnisstjórn samþykkti að styrkja níu verkefni í byggðalaginu að þessu sinni. Sex verkefni voru á vegum fyrirtækja eða stofnana. Þremur styrkjum var veitt til einstaklinga, tveggja karlmannna og einnar konu. Alls nam styrkfjárhæðin samtals 13.570.000,- sem veittar voru úr Frumkvæðissjóði og vegna sérstaks fjárfestingarátaks Alþingis vegna veirufaraldurs á árinu 2020. Heildarfjárhæð umsókna nam kr. 57.325.000,-. Verkefnin eru fjölbreytt og munu efla ýmsa þætti samfélagsins. Verkefnin og styrkuppþæðir má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Hafnartangi 2, endurbætur á starfsmannarými	Bjargið ehf.	Endurbætur á húsnæði til að koma upp frambærilegri búsetuaðstöðu fyrir starfsfólk sem tilheyrir hluta farandverkafélks sem vinnur í fiskvinnslu.	1.000.000,-
Bragginn	Bylgja Sigurbjörnsd.	Niðurrif, hreinsun og uppbygging á Bragganum ásamt efniskaupum og hönnunarvinnu. Bragginn er tvískiptur, áformað er að gera íbúð fyrir listamenn í öðru rýminu og vinnuaðstöðu og sýningarsal með vísi að safni í hinu rýminu.	5.000.000,-
Halldórshús	Baldur Öxdal Halldórsson	Áfangi í endurbyggingu Halldórshúss sem byggt var 1906. Stefnt er að starfsemi veitingasölu og menningarstarfsemi í húsinu þegar fram líða stundir.	1.000.000,-
Langanesbyggð tjaldstæði sturtuaðstaða	Langanesbyggð	Bætt aðstaða við tjaldstæðið á Bakkafirði með því að byggja upp sturtuaðstöðu fyrir gesti og pall við þjónustuhús.	650.000,-
Skeggjastaðir fornminjar	Fornleifastofnun Íslands og sóknarnefnd Skeggjastaðakirkju	Skráning fornminja á Skeggjastöðum. Aukin þekking og söguvitund um jörðina og stefnt að því að byggja frekari rannsóknir á henni.	370.000,-
Uppskrift að góðum degi í Bakkafirði	N4 ehf.	Tveir sjónvarpsþættir og 20 stiklur/kynningarefni um Bakkafjörð sem ákjósanlegan áfangastað og nýjung í ferðamannastaðaflóru Íslands.	1.500.000,-
Ræktun matjurta	Malgorzata Bluszko	Uppbygging gróðurhúss þar sem hægt verður að rækta grænmeti árið um kring. Stefnt að nýju heilsársstarfi vegna ræktunarinnar.	550.000,-
Markaðsáttak Bakkafjarðar	Þórir Örn Jónsson	Gerð kynningarefnis, Visit Bakkafjörður, um Bakkafjörð og nágrenni með áherslu á þjónustu, útivist og náttúruskoðun.	1.500.000,-

Bjargið ehf., endurbætur Hafnargata 4	Bjargið ehf.	Endurnýjun á hluta atvinnuhúsnæðis til styrkingar atvinnurekstrar á svæðinu sem og að stuðla að fallettri ásýnd og ímynd staðarins.	2.000.000,-
			Samtals 13.570.000,-

## Fundir

Verkefnisstjórn hélt átta formlega fundi á árinu. Verkefnisstjóri hefur jafnframt setið fundi hverfaráðs Bakkafjarðar og verkefnisstjórnar um uppbyggingu á Tanganum. Þá eru haldnir reglulegir fundir starfsmanna SSNE.

## Úr samantekt verkefnisstjóra:

Verkefnið Betri Bakkafjörður fór að stað um mitt ár 2019. Það er mat verkefnisstjóra að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif á samfélagið á Bakkafirði. Bakkafjörður sem orðið hafði fyrir miklum áföllum sem erfitt gæti reynst að vinna til baka, hefur tekið jákvæðum breytingum sem líkur eru til að styrki samfélagið til frambúðar. Áföll sem leitt höfðu til fólksfækkunar, samdráttar í atvinnu og þjónustu. Ríki, sveitarfélag, fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt sitt af mörkum til að snúa þróun samdráttar og hnignunar við. Fyrirtæki hafa verið endurreist, vegakerfið milli þéttbýlisstaðanna hefur verið bætt til muna. Einstaklingar og fyrirtæki hafa komið með atvinnutækifæri á staðinn bæði ný og eftir þau sem fyrir voru. Þá hefur verkefnisstjórn styrkt aðila í gerð kynningarefnis um svæðið þar sem kostir þess hafa verið tíundaðir. Auk þess hefur verkefnisstjóri og verkefnisstjórar byggð á Norðausturhorninu kynnt svæðið sameiginlega með skrifum í landsmálablöðin.



Úr Bakkafjarðarhöfn.

## STERKAR STRANDR

Undirbúningur að verkefninu hófst á árinu 2019 en formlega var því fylgt úr hlaði á íbúáþingi sem haldið var í júní 2020 þar sem íbúar komu saman og unnu að markmiðum í tveggja daga vinnubúðum. Íbúáþinginu var stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu Ildi. Í framhaldi íbúafundarins vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúáþróunar, atvinnuþátta og atvinnuþróunar auk sérstöðu byggðarlagsins. Niðurstöður íbúáþingsins, stöðugreiningin auk annarra greininga sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið sem lögð voru fyrir íbúa til samþykktar á rafrænum íbúafundi þann 12. nóvember 2020.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri verkefnisins Sterkar Strandir er Sigurður Líndal Þórisson.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Jón Jónsson, fulltrúi sveitarfélagsins Strandabyggðar

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Lína Björg Tryggvadóttir, fulltrúi Vestfjarðastofu

Angantýr Ernir Guðmundsson, fulltrúi íbúa

Esther Ösp Valdimarsdóttir, fulltrúi íbúa

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun



Hólmavík.

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka VII má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2020.

Styrkt verkefni

Auglýst var eftir styrkumsóknum í byggðaðróunarverkefnið Sterkar Strandir í júlí 2020. Alls bárust 16 umsóknir um styrki. Verkefnisstjórn samþykkti að styrkja ellefu verkefni í byggðarlaginu að þessu sinni. Alls nam styrkfjárhæðin samtals 13.570.000,- sem veittar voru úr Frumkvæðissjóði og vegna sérstaks fjárfestingarátaks Alþingis vegna veirufaraldurs á árinu 2020. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 42.013.574,-. Verkefnin eru fjölbreytt og munu efla ýmsa þætti samfélagsins. Verkefnin og styrkuppþæð má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Skúlptúraslóð á Hólmavík	Arnkatla	Fyrsti áfangi og fyrsta listaverk á skúlptúraslóð sem ætlunin er að byggja upp inn fyrir þorpið á Hólmavík, frá Galdrasýningunni og að svæði sem hugað er til útivistar undir Kálfanesborgum.	300.000,-
Vetrarhátíð í Strandabyggð	Arnkatla	Þrjár vetrarhátíðir á Ströndum þ.e. Vetrarsól í janúar, Hörmungardagar í febrúar og Húmorþing í mars. Efling menningarlífs og ferðaþjónustu utan háannatíma.	700.000,-
Atvinnuhúsnæði á Hólmavík	Trésmiðjan Höfði	Frumkönnun á möguleikum á uppbyggingu atvinnu- og geymsluhúsnæðis á Skeiði á Hólmavík m.t.t. fjármögnunar.	800.000,-
Hitalampar til jógaíðkunar	Hvatastöðin	Bætt aðstaða og aukin fjölbreytni í heilsurækt með innrauðum hitalömpum til jógaíðkunar.	270.000,-
Kyrrðarkraftur	Hvatastöðin	Undirbúningur að stofnsetningu uppbyggingarsetursins Kyrrðarkraftur. Skilgreina Strandabyggð sem áfangastað fyrir áhugafólk um heildræna heilsu.	2.000.000,-
Útgáfuverkefni	Sauðfjársetrið á Ströndum	Útgáfu- og söfnunarverkefni þar sem menningararfi svæðisins eru gerð skil með útgáfu bóka um afmörkuð, þematengd sögu- og atvinnulífstengd málefni.	500.000,-
Matvælavinnsla í Stóra-Fjarðarhorni	Guðfinna Lára og Ágúst Helgi	Að skapa aðstöðu til vöruþróunar og fullvinnslu afurða. Með vinnslurýminu opnast möguleikar fyrir fleiri aðila til fullvinnslu afurða í heimabyggð.	2.000.000,-
Ljósabúnaður fyrir Leikfélag Hólmavíkur	Leikfélag Hólmavíkur	Stuðningur við starfsemi áhugamannafélags í Strandabyggð með kaupum og uppsetningu á ljósa- og tölvubúnaði fyrir sviðslistir.	800.000,-
Undirritaður samningur við Galdrasýningu	Strandagaldur	Endurnýjun á útliti Galdrasýningarinnar á Ströndum sem staðsett er í tveimur gömlum pakkhúsum við höfnina á Hólmavík.	2.200.000,-

Þjóðtrúarfléttan	Rannsóknarsetur á Ströndum	Ætlunin er að skapa nýtt starf tengt miðlun á íslenski þjóðtrú við Rannsóknarsetrið. Styrkja stöðu Hólmavíkur og Stranda sem miðpunkts fyrir skapandi vinnu við þjóðtrúartengd verkefni.	3.000.000,-
Matarsmiðjan Tilraunaeldhús	Sýslið verkstöð	Í Matarsmiðjunni skapast tækifæri til vörupróunar fyrir matvæli og matartengdar vörur fyrir smáframleiðendur og frumkvöðla á svæðinu.	1.000.000,-
			Samtals 13.570.000,-

Auk þess hlaut verkefnið strandir.is styrk úr Öndvegissjóði að upphæð 8.700.000,- sjá nánar í kafla 4 um fjárfestingaráttak stjórnvalda.

#### Fundir

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri funduðu alls sjö sinnum frá 1. júní til ársloka 2020. Því til viðbótar var haldið íbúafundum í júní og rafrænn íbúafundur í nóvember. Verkefnisstjóri hefur setið mikinn fjölda funda sem tengjast verkefninu með beinum og óbeinum hætti, þ.m.t. fjölda funda með íbúum er varða ýmis verkefni sem þeim eru hugleikin og aðstoðað fyrirtæki og íbúa. Verkefnisstjórar allra verkefna Brothættra byggða hittast aukinheldur mánaðarlega.

#### Úr samantekt verkefnisstjóra:

Verkefnið Sterkar Strandir er nýtt af nálinni, verkefnisstjóri þ.a.l. nýr í starfinu og verkefninu var hleypt af stokkunum í óvanalegum aðstæðum. Hugleiðingar þessar eru óumflýjanlega afleiðingar af aðstæðunum sem verkefnið hefur tekist á við.

Segja má að verkefnið hafi farið rólega af stað og að nokkur hluti íbúa hafi ekki sýnt því nægjanlegan áhuga í upphafi. Þetta horfir þó til betri vegar og er nú á upphafsmánuðum ársins 2021 merkjanlegan mun að finna á þeim hópi fólks sem sýnir verkefninu áhuga og er að leita fjármögnunar og fyrirgreiðslu fyrir verkefni sín. Það er verulega ánægjulegt. Það breytir því samt ekki að það er skoðun verkefnisstjóra að verkefnið sé ekki nægjanlega öflugt til að hafa þann mikla slagkraft sem þarf til að snúa við áratuga neikvæðri byggðapróun.

Verkefnisstjóri leggur til tvær leiðir til úrbóta:

Í fyrsta lagi að styrkfé verði aukið til muna og verði árlega síst minna en það var árið 2020 með viðbótarframlagi vegna heimsfaraldurs. Á sömu forsendum verði Öndvegissjóður árviss, og fjármunir hans síst minni en á árinu 2020.



Í öðru lagi að hvert ráðuneyti skilgreini a.m.k. eina aðgerð sem það komi með inn í hvert einasta þáttökubýggðarlög og ljúki á tímabili verkefnisins.

## BYGGÐARLÖG SEM LOKIÐ HAFA ÞÁTTTÖKU Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM

Fimm byggðarlög hafa formlega lokið þátttöku í verkefninu, þ.e.a.s. Byggðastofnun hefur dregið sig út úr verkefnunum skv. samningum. Þau eru Raufarhöfn með verkefnið Raufarhöfn og framtíðin, Breiðdalur með verkefnið Breiðdælingar móta framtíðina, Bíldudalur með verkefnið Bíldudalur - samtal um framtíðina, Skaftárhreppur með verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar og Hrísey með verkefnið Hrísey, perla Eyjafjarðar.


Í lok ársins 2020 lauk verkefninu Öxarförður í sókn. Þess ber þó að geta að vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna COVID-19 gafst ekki tækifæri til að halda loka íbúafundur í byggðarlaginu þar sem til stóð að leggja mat á verkefnið og ígrunda áætlanir um verkefnið til framtíðar. Ráðgert er að slíkir fundur verði haldinn um leið og færi gefst á árinu 2021. Sama átti við um verkefnið Glæðum Grímsey en nú hefur orðið sú breyting að ríkisstjórn hefur ákveðið að beina því til Byggðastofnunar að verkefnið verði framlengt til loka árs 2022. Haldinn verður íbúafundur í eyjunni við fyrstu hentugleika vorið 2021 við afléttingu samkomutakmarkana vegna COVID-19.



Hákoni Hanssýni afhentur Landstólpinn í Breiðdalssetri.

## 6. ÍBÚAÞRÓUN

Í rökstuðningi Alpings með fjárveitinum til verkefnisins er vísað til þess að verkefnið nýtist byggðarlögum sem hafa átt í langvarandi vanda vegna fækkunar íbúa. Enda er meginmarkmið verkefnisins að sporna við þeirri þróun. Því er eðlilegt að líta á þróun í mannfjölda þátttökubyggðarlaganna miðað við fyrsta janúar 1998-2021.



Staða byggðarlaganna er mjög misjöfn hvað varðar breytingar á íbúafjölda og við það bætist að þau hafa ýmist lokið verkefninu eða eru mis langt á veg komin. Í fljótu bragði séð virðast þau byggðarlög sem hafa verið þátttakendur í verkefninu um einhvern tíma eiga það sameiginlegt að tekið hefur að mestu fyrir hraða fækkun íbúa og jafnvægi náðst eða íbúum tekið að fjölga á ný m.v. upphafsár viðkomandi verkefnis. Undantekningar eru þó verkefni í Árneshreppi og Grímsøy, þar hefur fólksfækkun verið viðvarandi. Bæði samfélögin hafa mátt þola það mikinn samdrátt að skóla hefur verið lokað tímabundið.

Um Strandabyggð er of snemmt að draga ályktanir af tölum um fjölda íbúa en þar hefur því miður orðið mikil fækkun á síðustu árum og áratugum. Óskandi er að verkefnið Sterkar Strandir nýtist íbúum byggðarlagsins sem best til að snúa vörn í sókn.

---

## 7. UMFJÖLLUN UM NOKKUR AF FJÖLMÖRGUM ÁHUGAVERÐUM VERKEFNUM SEM HAFA HLOTIÐ STUÐNING ÚR BROTHÆTTUM BYGGÐUM Í BYGGÐARLÖGUM SEM ERU Í FRAMKVÆMDAÁFANGA VERKEFNISINS

---

Verkefni sem styrkt hafa verið frá upphafi verkefnisins eru fjölmörg og fjölbreytt og snerta margar hliðar atvinnulífs, menningar og félagslífs í þáttökubygðarlögunum. Hér getur að líta umfjöllun og örfá dæmi af mörgum um vel heppnuð frumkvæðisverkefni sem styrkt hafa verið úr sjóði Brothættra byggða á undanförunum árum. Fjöldi annarra verkefna hefði sómt sér vel á þessum lista en ekki er svigrúm til að gera öllum skil hér.

### TANKURINN Á ÞINGEYRI - ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR

Tankurinn á Þingeyri er útilistaverk úr gömlum olútanki sem staðsettur verður á Þingeyri og mun gegna hlutverki fólkvangs sem opinn verður árið um kring. Hugmyndin er að íbúar, skólabörn og ferðalangar staldri við og upplifi fallegt og friðsælt samspil náttúru, byggðar, menningar og atvinnusögu staðarins. Verkefnið er eitt af þeim fjölmörgu verkefnum sem íbúar á Þingeyri og í nærsveitum sem hafa fengið styrki til á undanförunum misserum úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða og á árinu 2020 hlaut verkefnið einnig styrk úr Öndvegissjóði. Hugmyndin að Tankinum kemur frá japönskum arkitekt, Yasuaki Tanago, sem dvaldi á Þingeyri um tíma. Verkefnið myndar brú á milli ólíkra menningarheima frá fortíð yfir í framtíð.

Nánari upplýsingar um Tankinn á Þingeyri má sjá [hér](#)

### ULLARVINNSLAN Í GILHAGA - ÖXARFJÖRÐUR Í SÓKN

Ullarvinnslan í Gilhaga í Öxarfirði, er eitt af þeim verkefnum sem hafa hlotið styrk úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða. Ullarvinnslan opnaði í júní 2020 og er rekin af ungum bændum í Gilhaga. Í ullarvinnslunni er unnin ull frá bændum úr nærsveitunum og áhersla lögð á að framleiða umhverfisvæna vöru sem framleidd og unnin er í sátt við umhverfið. Ullin er fullunnin í Gilhaga og tilbúin beint á þrjónana. Vöruframboðið samanstendur af sérvalinni ull af lambfé sem gengið hefur um heiðar Norður- Þingeyjarsýslu, spunninni ull af fullorðnum ám og spunninni ull af íslensku sauðfé, svokölluðu hrútabandi. Samhliða ullarvinnslunni er rekin gestastofa þar sem gestum gefst tækifæri til að kynna sér framleiðsluferlið ásamt því að kynnast nýtingu sauðfjár með áherslu á ullarvinnslu allt frá því að land byggðist og til dagsins í dag. Litla gestastofan er opin alla daga og þar er hægt að kaupa afurðir ullarvinnslunnar. Verkefnið hófst að frumkvæði verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra Öxarfjarðar í sókn og hafði verið unnið ötullega

að undirbúningi þess þegar bændur í Gilhaga tóku við verkefninu af myndarskap. Það er því mjög ánægjulegt að sjá árangurinn sem orðinn er.

Nánari upplýsingar um Ullarvinnsluna í Gilhaga má skoða [hér](#). Einnig má sjá viðtal við styrkhafa í kynningu frá ársfundi Byggðastofnunar 2021 [hér](#) (sjá frá 23:42 mínútu).

## VERZLUNARFJELAG ÁRNESHREPPS - ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Á haustmánuðum 2018 lagðist verslunarrekstur af í Árneshreppi. Í kjölfar þess tóku íbúar sig saman og leituðu leiða til að tryggja heilsárs verslunarrekstur í byggðarlaginu. Frumkvæðissjóður Brothættra byggða hafði styrkt þáverandi rekstraraðila verslunarinnar á árinu 2018 til tækjakaupa m.a. á nýjum frystum og kælum fyrir verslunina. Skilyrði fyrir styrkveitingunni var að tækin yrðu í eigu samfélagsins. Verslun í Norðurfirði er talin ein af forsendum heilsársbúsetu í Árneshreppi og því afar brýnt að tryggja rekstur slíkrar þjónustu á ársgrundvelli. Í byrjun árs 2019 var svo stofnað hlutafélag, Verzlunarfjelaug Árneshrepps, um rekstur verslunar í Norðurfirði. Mikill áhugi var á því að eignast hlut í fjelaginu. Í júní sama ár var verslunin opnuð formlega að viðstöddum góðum gestum. Það var mikið framfaraskref fyrir íbúa að geta verslað í heimabyggð sinni á ný auk þess sem átakið að undirbúningi rekstrarins jók samstöðu íbúa í byggðarlaginu.

Nánari upplýsingar um Verzlunarfjelaug Árneshrepps má sjá [hér](#).

## KROSSNESLAUG - ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Krossneslaug er útivistarperla sem er að finna við fjöruborðið nokkra kílómetra frá Norðurfirði í Árneshreppi. Laugin var tekin í notkun árið 1954. Undanfarin misseri hafa miklar framkvæmdir staðið yfir við Krossneslaug sem m.a. hafa verið styrktar úr sjóðum Brothættra byggða þ.e. Frumkvæðissjóði og Öndvegissjóði, einkum í tengslum við fjárfestingaráttak stjórnvalda 2020. Mikil bragarbót verður gerð á aðstöðu fyrir gesti laugarinnar og starfsfólk. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdum ljúki í júní 2021 og hægt verði að taka á móti gestum sundlaugarinnar með glæsilegri nýrri aðstöðu.

Nánari upplýsingar um Krossneslaug má sjá á fésbókinni [hér](#).

## ÍSLENSKUR DÚNN - BETRI BORGARFJÖRÐUR

Fyrirtækið Íslenskur Dúnn var stofnað haustið 2018 á Borgarfirði eystri af tveimur fjölskyldum. Dúnninn er tíndur í Loðmundarfirði en hreinsaður, vörur framleiddar og markaðssettar á Borgarfirði eystri. Frumkvæðissjóður Brothættra byggða í verkefninu Betri Borgarfjörður hefur styrkt frumkvöðlafyrirtækið á árunum 2019 og 2020 m.a. til markaðsrannsókna, tækjakaupa og til þróunarvinnu á framleiðsluafurðum. Mikil áhersla hefur verið lögð á sýnileika starfseminnar í heimabyggð og íbúum og gestum gefist kostur á að kynna sér framleiðsluferlið. Töluverð

vinna hefur verið lögð í markaðssetningu á alþjóðavísu en helsti kúnnahópurinn virðist vera í Bandaríkjunum og á Bretlandseyjum. Dúnninn er settur í sængur sem eru markaðssettar sem lúxusvara og fullvinnsla vörunnar fer fram á Borgarfirði eystri.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má sjá [hér](#).

### MUNINN EHF. BÆTT ÞJÓNUSTA VIÐ FERÐAMENN - GLÆÐUM GRÍMSEY

Muninn ehf. sótti um styrk til að auka þjónustu við ferðamenn í Grímsey vorið 2019. Í umsókninni segir m.a. „Ferðapjónusta er vaxandi atvinnugrein í Grímsey, hins vegar er afar mikilvægt að fjölbreytt þjónusta sé í boði til að tryggja frekari aðsókn ferðamanna sem og vöxt. Meginmarkmið verkefnisins er að auka og efla þjónustuframboð í Grímsey ásamt því að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi. Stefnt er að því að ná þessu markmiði með því að halda áfram markvissri uppbyggingu á þjónustuframboði Munins ehf.“ Óhætt er að segja að verkefnið hafi vakið athygli og m.a. má sjá umfjöllun um það í fréttum RÚV, sjá [hér](#). Vonandi fara gestir að leggja leið sína út í Grímsey á ný með hækkandi sól og afnámi samkomutakmarkana sumarið 2021.

### MARKAÐSÁTAK BAKKAFJARÐAR - BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Eitt af markmiðum verkefnisins Betri Bakkafjörður er að styrkja ímynd Bakkafjarðar og koma byggðarlaginu á framfæri á jákvæðan hátt. Það tókst svo sannarlega í verkefni Þóris Arnar Jónssonar sumarið 2020. M.a. má sjá myndbandið [hér](#).



Höfnin og Hafnarhólmi Borgarfirði eystri.

---

## 8. ATHUGUN Á VIÐHORFUM TIL VERKEFNISINS BROTHÆTTAR BYGGÐIR

---

Stefnt er að því að gera árlega könnun meðal verkefnisstjórna þátttökubyggðarlaganna. Gerð var könnun á viðhorfi styrkhafa í Brothættum byggðum í nóvember 2020 og í lok árs 2019 / upphafi árs 2020 var gerð könnun á viðhorfum verkefnisstjórnarfulltrúa til verkefnisins og framkvæmdar þess. Fjallað er ýtarlega um niðurstöðurnar í ársskýrslu Brothættra byggða fyrir árið 2019, 8. og 9. kafla, sjá [hér](#). Ekki hafa verið gerðar nýjar kannanir á árinu 2021 þegar þetta er ritað.



Frá íbúáþingi í Strandabyggð.

# 9. VIÐAUKAR

## VIÐAUKI I. ÖXARFJÖRÐUR Í SÓKN, STAÐA STARFSMARKMIÐA

1. Framandi áfangastaður.						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
1.2 Að fyrir árslok 2020 séu hafnar framkvæmdir við uppbyggingu á fjögurra stjórnu hóteli. Ábyrgð: Frumkvöldar, verkefnisstjórn og fjárfestar. BREYTT 2019						Frumkvöldar á svæðinu hafa leitt vinnu sem snýr að uppbyggingu á fjögurra stjórnu hóteli um miðjan Öxarfjörð. Þó nokkrir styrkir hafa fengist í þetta verkefni á s.l. árum, þó á eftir að fullfjármagna verkefnið, vinnu í þeim málum stendur yfir þó vissulega sé smá lægð yfir þessu verkefni vegna Covid-19.
1.3 Að matvæli af svæðinu sé í boði á sem allra flestum veitingastöðum í Norðurþingi og nærliggjandi sveitarfélögum. Komið verði á virku samtali framleiðenda og rekstraraðila í veitingageiranum ásamt því að mælanlegum markmiðum á árangri í þeim efnun verði komið á fyrir árslok 2019. Ábyrgð: Fjallalamb, Rifós, Íslandsbleikja, Beint frá býli, garðyrkjubændur, veitingahúseigendur og verkefnisstjórn. BREYTT 2019						Verkefnisstjóri hefur í tvisang gert "atlogur" hvað þetta verkefni varðar. Áhugi til að byrja að ræða þessi mál frekar virðist í fljótu bragði ekki vera til staðar og erfitt hefur reynst fyrir minni aðila að fá veitingastaði utan héraðs til þess að taka sínar afurðir inn. Til þess að skapa einhverskonar sameiginlegan vettvang fyrir þessa aðila á svæðinu stofnaði verkefnisstjóri grúppu á facebook þar sem verður hægt að ræða þessi mál, deila fréttum, upplýsingum o. b.h.Nanna verkefnisstjóri á Raufarhöfn hefur einnig aðgang að síðunni.
1.4 Að fyrir mitt ár 2017 skili hópur íbúa upp færðum áherslum í ferðamálu fyrir svæðið sem mun sýntast inn í áframhaldandi stefnumótunarmál frá hinu opinbera og DMP planning verkefni. Ábyrgð: Verkefnisstjóri og stjórn Framfarafélagsins. Samráð: Ap, Ferðamálastofa, íbúasamtök og Norðurhjar. Tókst vel, sjá skýrslu: <a href="https://www.northiceland.is/static/files/DMP/dmp_skyrsla_2018_2utgafa_web.pdf">https://www.northiceland.is/static/files/DMP/dmp_skyrsla_2018_2utgafa_web.pdf</a>						
1.5 Skjálftasetur sé komið með tryggn rekstrargrunn og 10. m.kr til uppbyggingar safnsins fyrir árslok 2020. Að sóttur verði meiri stuðningur við reksturinn t.d. gegnum ráðstefnur vísindamanna, m.a. með tengingu við skjálftaráðstefnuna á Húsavík. Ábyrgð: Skjálftafélag og verkefnisstjóri. BREYTT 2019						Sumarið 2019 var afar erfitt að fá rekstrarfé þó tókst fyrir rest að ná nokkrum styrkjum. Búið er að halda opinn endurstefnumótunarfund, ráða verkefnisstjóra (Lovisu Óladóttur) og vinnan í fullum gangi. Þá er jafnframt búið að semja við hönnunarstofuna Gagarin til að sjá um endurhönnun. Verkefnisstjóri ÓIS og Ari P. Pálsson (SSNE) hafa sinnt þessu verkefni talsvert. Allt á góðri leið, þarfnast eftirfjölgni áfram.
1.6 Fyrir lok árs 2019 skili hópur íbúa upp færðum áherslum til uppbyggingar ferðamannastaða teneðum fuglaskoðun innan svæðisins ásamt því að byggja upp fleiri fuglaskoðunarskýli. Markmiðið verði að gera svæðið út sem enn meira fuglaskoðunarsvæði en nú er gert. Unnið í samráði við Fuglastig til þess m.a. að efla skipulag leiðsagnar í fuglaskoðun, kortlagningar fuglaskoðunarstaða og uppbyggingar þeirra. Tækifæri er til fuglaskoðunar á heimismælikvarða innan héraðsins árið um kring. Ábyrgð: Íbúar, Fuglastigur, Norðurhjar, landeigendur, verkefnisstjórn og verkefnisstjóri. BREYTT 2019						Endurstefnumótun hefur farið fram hjá Fuglastig. Þá er búið að koma upp fuglaskoðunarskýli á Kópaskeri, og fjármagna selaskoðunarskýli sem á að rísa við Bakkahlup á næsta ári. Búið er að sækja um fjármagn til þess að bæta aðgengi að skýlinu á Kópaskeri.
1.7 Komið verði upp tveimur fleiri áfangastaðum ferðamanna fyrir árslok 2019. Skoða m.t.t.: Salernisaðstöðu, Stefnumarkandi áfangastaðaáætlun Norðurhjara (sérstaklega Fjallahöfn og Veggjarendi), Áfangastaður á flekaskilum tengt Skjálftasetrinu og Alfred Wagener. Ábyrgð: Skjálftasetur(stjórn), Norðurhjar, hagsmunaaðilar, verkefnisstjóri og frumkvöldar. BREYTT 2019						Silja Jóhannesdóttir hefur fyrir hönd NP leitt vinnu sem snýr að uppbyggingu áfangastaða á svæðinu, sem taka m.a. mið af Áfangastaðaáætlun Norðurhjara, Áfangastaðaáætlun Markaðsstofu Norðurlands, greiningu verkefnastjóra Langanesbyggðar með verkefni Fuglastig og Norðurstrandarleið til hlíðsjónar. Búið er að fara í hönnunarmál, kynna fyrir hagsðilum ásamt því að sækja um framkvæmdafé í Framkvæmdastjóð ferðamannastaða til að fjármagna alls um sjö verkefni austan Tjerness; Naustárfoss, Snartarstaðir 2, Snartarstaðarnú, Hvalvík/Hestfall, aðgengi að fuglaskoðunarskýli, Höskuldarnes og Hólalheiði, þá hefur Norðurhjar leitt for- og greiningarvinnu sem snýr að því að koma upp áfangastað við Veggjarendann/Misgengið í Kelduhverfi, Landslag sá um hönnun á

1. Framandi áfangastaður						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
1.8 Kortlagning á vatnsbólum-þar sem atvinnuuppbygging framtíðar byggð á vatnsauðlindinni verði skoðuð lokið 2020. Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. BREYTT 2019						Á vef Orkustofnunar er til góð kortasjá þar sem má nálgast þessar upplýsingar t.d. Upplýsingar um borholur, grunnvatnshlot o.fl.
1.9 Boð í Öxarfjarðarhéraði, fyrir lok árs 2019 liggja fyrir heildstæð viðskiptaáætlun og stefna um áframhaldandi vinnu. Ábyrgð: Áhugamannahópur um boð, verkefnisstjóri verkefnisins samráð við andeigendur. BREYTT 2019						Viðskiptaáætlun liggur fyrir, stefnt er að því að taka aftur upp þráðinn næsta haust þá eru líkur til þess að aðstæður í samfélaginu séu betri.
1.10 Móta stefnu og aðgerðaráætlun um nýtingu, viðhald og umhirðu á eignum Norðurbings í Lundi fyrir árslok 2019. Ábyrgð: Norðurþing, verkefnisstjóri og rekstraraðilar. NYTT 2019						<b>Sundlaugin</b> Þörf á alsherjaviriferð næsta fyrir næsta sumar. Laugin var mikið lokið sumarið 2020 vegna þess að búnaður bilaði mikið. Málð er í ferli. <b>Tjaldsvæðið/tjaldsvæðishús:</b> Sveitarfélagið skilar landinu formlega af sér, íbúar á svæðinu stefna að því að reka það næsta sumar. <b>Skóla- og leikskólalóð</b> Í góðum farvegi. <b>Gamli Lundur</b> Smíða barf veggstubb sem lokar af kjallaraevmslu frá íbúðarrými. Stefnt að því að skoða það að sækja um í Húsafríðunarsjóðinn árið 2021.
1.11 Að komið verði upp á Kópaskeri sýningunni „Heimildarlaus notkun bönnuð“ í annað sinn sumarið 2019. Ábyrgð: Verkefnisstjóri og listamaður. NYTT 2019						Tókst vel til og það var einnig farið í hreinsunaráttak á ströndum svæðisins.

2. Framsækni í matvælaframleiðslu						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
2.1 Fjallalamb klári verkefni með upprunamerkingu. Lok árs 2017. Ábyrgð: Fjallalamb og verkefnisstjóri.						Tókst vel.
2.2 Viðskiptaáætlun fyrir stækkun Akursels. Lok árs 2018. Ábyrgð: Akursel og verkefnisstjóri.						Aflagt.
2.3 Kanna hvort nýta megi verkefnið „Heimaslóð“ til að auka verðmætasköpun sauðfjárbænda í héraðinu. Ábyrgð: Verkefnisstjóri Heimaslóðar, verkefnisstjóri og bændur (Salbjörg Matthíasdóttir. BREYTT 2019						Þetta verkefni er ekki í gangi lengur og ekki komið framhaldsverkefni (nema eitthvað sé í gangi sem verkefnisstjóri veit ekki af). Vert að nefna í þessu samhengi að verkefnið ÓÍS hefur styrkt heimavinnsluverkefni á svæðinu talsvert en þá fékkst einnig 5 m.kr. styrkur úr Öndvegissjóð í kjötvinnslu í Árdal (auka framlog til atvinnusköpunar frá ríkinu).
*2.4 Fjallalamb treysti eiginfjárstöðu fyrir lok árs 2016. Ábyrgð: Fjallalamb í samstarfi við eigendur.						Tókst vel.
2.5 Þróaðar verði og markaðssettar tvær vörur úr hlíðarafurðum sauðfjárslátrunar fyrir lok árs 2019. Ábyrgð: Fjallalamb í samstarfi við AP, (Matis), verkefnisstjóra og aðra hagsmunaaðila. BREYTT 2019.						Eins og er þá er það aðeins miltað sem fellur til og er ekki notað yfir höfuð, en líklega er langsótt að fá leyfi til þess að nota miltað. Þó staðan sé sú að lítið sem engu er hent, þá mætti auðvitað verðmætasköpun vera meiri. Aðeins var kannað hvort Fjallalamb gæti unnið afurðir úr beinum, en það verður ekki skoðað frekar að svo stöddu.
2.6 Styðja við Grólinn (langtimaverkefni í umsjón Landgræðslunnar) m.t.t. þess að tryggja hóflega beit á svæðinu annars vegar og hins vegar hagnýtingu upplýsinga í markaðslegu tilliti. Ábyrgð: (Landgræðslan) Fjallalamb, Búnaðarfélag/bændur og (verkefnisstjóri fylgist með framvindu). BREYTT 2019						Verkefnisstjóri er á póstlista og er þetta í góðum farvegi. Í júní 2020 voru kynntar niðurstöður GróLindar á annars vegar stöðumati á ástandi á landi og hins vegar kortlagning beitalanda sauðfjár. Gagnin eru opin öllum í kortasjá á www.grolind.is
*2.7 Stækkun Silfurstjörnu fyrir lok árs 2017. Ábyrgð: Silfurstjarnan.						Tókst vel og er stefnt að því að stækka enn frekar 2021.

2. Framsækni í matvælaframleiðslu						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
2.8 Gera úttekt á því hverju nýir landbúnaðarsamningar breyta á þessu svæði og hvaða tækifæri kunna að felast í þeim. Sérstaklega kannað m.t.t. kolefnisjöfnunar. Fyrir lok sumars 2019. Ábyrgð: Hagsmunaaðilar (Baldur Stefánsson) (og verkefnisstjóri). BREYTT 2019						Þegar þetta markmið var sett á blað stóð til að beiðgreiðslur til bænda yrðu teknar út, ekki varð úr því.
2.9 Leggja meiri áherslu á skógrækt og fá stjórnvöld í lið með heimamönnum. Fyrir lok 2019. Ábyrgð: Bændasamtökinn á svæðinu og verkefnisstjóri. BREYTT 2019						Skógrækt á Logbýlum - 17 jarðir með samning. - Samtals 935 hektarar - Meðalsamningurinn er 55 hektarar - Það er búið að gróðursetja í 551 hektara. Verkefnisstjóri fór í kynningarátak, ekki ljóst hvort það hafi skilað einhverju að svo stöddu.
2.10 Stuðla að og styðja við verkefni sem snúa að grænmetis, -ávaxta- og berjaræktun á Sandinum sérstaklega m.t.t. nýtingar jarðhita. Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, frumkvöðlar og Eimur. NYTT 2019						Búið að kanna eitt og annað í þessu máli, t.d. Hvort væri í boði fyrir áhugasama aðila að leiga Akursel, ekki í boði þá. Á Skinnastað var sumarið 2020 ræktaður hvítlaukur í tilraunaskyni, í sendnum jarðvegi, aðstandendur stefna að því að rækta meira 2021. Verkefnisstjóri sendi inn umsókn í C1 og Uppbyggingarsjóðinn til þess að fjármagna verkefnisstjóra í að kanna grunnforsendur fyrir gróðurhúsum á sandinum í Óxarfirði, lækvæðar niðurstöður úr C1 og búið að ráða verkefnisstjóra.
2.11 Kolefnisjöfnun sauðfjáramleiðslu og úrvinnslu í héraðinu. Fara í stöðumat/greiningu þegar reiknireglur og forsendur liggja fyrir að loknum greiningum á vegum RML. Svæðið reyni að vera leiðandi á landsvisu í þessu átaki. Ábyrgð: Landgræðslan (Sigríður Þorvaldsdóttir), RML, Fjallalamb, Búnaðarfélag og áhugasamir bændur/hagsmunaaðilar (verkefnisstjóri fylgist með framvindu). NYTT 2019						Í vinnslu hjá RML.
2.12 Kanna hver staða Kelduverfis sé sem „hreins sauðfjárræktarsvæðis“ með tilliti til fullrar þátttöku í kolefnisjöfnuninni fyrir mitt ár 2019. Ábyrgð: Fjallalamb. NYTT 2019.						Svæðið er opið/hreint að því leytnu til að lómb verða lefvið á slátruhúsinu á Kópaskeri og fullgild sem "hrein" á Kinamarkaði. Slátrun fullorðins fjár er óheimil en til endurskoðunar skv. upplýsingum frá MAST (20.10.2020).
2.13 Kanna hvort mögulegt sé að dreifa gor á lokuð svæði til landgræðslu fyrir árslok 2020. Ábyrgð: Fjallalamb og Landgræðslan (Sigríður Þorvaldsdóttir) og (verkefnisstjóri fylgist með framvindu). NYTT 2019						Í vinnslu. Strandar fyrst og fremst á smá útfærsluatriði í bili.
2.14 Skilgreina og útfæra jarðhitanytingarverkefni. Taka saman yfirlit um þau verkefni, rannsóknir og greiningar sem eru til. Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, frumkvöðlar og Eimur. NYTT 2019						Samantektin er til hjá verkefnisstjóra ÓÍS, verkefnisstjóri sendi umsókn í Uppbyggingarsjóðinn fyrir forvinnu að gróðurhúsum sem munu vonandi nýta jarðhitann.
2.15 Kanna möguleika fyrir kynningu á matvælaframleiðslu í héraðinu. Fyrir árslok 2019. Ábyrgð: verkefnisstjóri og hagsmunaaðilar. NYTT 2019						Komin fésbókarsíða sem ætlað er að verði samstarfs/samráðsveitvangur matvælaframleiðslu á svæðinu.



3. Uppbyggilegt samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
3.1 Kynna hlutverk hverfisráða svæðisins og Framfarafélags Óxarfjarðar í samfélaginu fyrir mitt ár 2019. Mikilvægt að viðhalda hverfisráðunum og að þau séu virk, og að Framfarafélagið sé áfram kynnt sem „hýsil/bakland“ fyrir m.a. frumkvöðla og viðburði á svæðinu öllu. Ábyrgð: Norðurþing, verkefnisstjóri, hverfisráðin og Framfarafélag. BREYTT 2019						Eru kynnt á heimasíðu svæðisins, hverfisráðin eru dugleg að halda íbúafundi. Framfarafélagið hýsir ýmsa viðburði, þorablót, sólstöðuhátíð, þaðverkefni og sennilega kemur annað verkefni inn á næstunni.
3.2 Kynning á verkefnum Óxarfjarðar í sökn í öllum ráðum og nefndum Norðurþings og meðal starfsmanna sveitarfélagsins fari reglulega fram og ekki sjaldnar en árlega. Ábyrgð: Norðurþing í samstarfi við verkefnisstjórn og verkefnisstjóra. BREYTT 2019						Búið að kynna talsvert 2019 og 2020, þá var einnig kynning á verkefnum innan stjórnar SSNE.
3.3 Halda áfram að efla og byggja upp heimasíðu svæðisins og uppfæra reglulega fyrir lok árs 2019. Ábyrgð: Heimasíðuhópur sem búið er að stofna, verkefnisstjóri og Norðurþing. BREYTT 2019						Nýjar fréttir/auglýsingar/tilkynningar settar inn reglulega. Verkefnisstjóri reynir að setja alltaf inn það sem fer á fésbókina þar líka.
3.4 Fylgja eftir að Norðurþing horfi til verktaka á svæðinu, m.t.t. heimaaðila. Sveitarfélagið rökstyðji það ef ákveðið er að skipta við þjónustuaðila utan Óxarfjarðarhérs. Ábyrgð: Norðurþing í samstarfi við verktaka. BREYTT 2019						Var tekið fyrir á sveitarstjórnarfundum, 19. febrúar 2019 ákveðið var að gera þetta eins og hægt er. Mikilvægt að fylgjast með áfram að þetta sé áfram haft að leiðarljósi.
3.5 Þrýsta á stjórnvöld að jafna kjör verslana á landsbyggðinni með lækkun VSK til verslana í dreifbýli. Skoða m.t.t. til markmiðs 3.6. Ábyrgð: Verslunarrekendur í samstarfi við verkefnisstjóra. NYTT 2019						Það má tengja þau framfaraverkefni sem hafa átt sér stað hjá Skerjakollu og Ásbrygi hefur sótt um styrk til þess að fara í viðhald (fengu styrk úr A9).
3.6 Skilgreina sýn íbúa á lágmarks þjónustubætti í héraðinu og gildi Kópaskers sem þjónustukjarna ásamt því að ræða um gildi verslunar í heimahéraði. Ábyrgð: t.d. Þekkingarnet Þingeyinga í samstarfi við AP, Bygðastofnun, verkefnisstjóra, hverfisráðin og aðra hagsmunaaðila. BREYTT 2019						Búið að gera könnun í samstarfi við ÞB. Verður rætt/kynnt betur á íbúafundi.
3.7 Halda fyrirtækjadag á Sólstöðuhátíð í Kópaskeri aftur 2019. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við Framfarafélag Óxarfjarðar, sólstöðuhátíðarnefnd og aðra hagsmunaaðila. BREYTT 2019						Gekk afar vel á árinu 2019, í ljósi aðstæðna 2020 var ákveðið að halda ekki fyrirtækjadag, verður skoðað í kringum 1. des í staðinn.
